

## REGLUGERÐ

### um íslenskan hluta upplýsingakerfis (N-VIS) um vegabréfsáritanir.

#### 1. gr.

##### *Gildistaka tiltekinnna Schengen-gerða.*

Eftirfarandi gerðir Evrópusambandsins um upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir (VIS) skulu öðlast gildi hér á landi í samræmi við samning sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, með þeirri aðlögun sem getið er um í reglugerð þessari:

- a. ákvörðun ráðsins 2004/512/EB frá 8. júní 2004 um að koma á upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir (VIS), sbr. fylgiskjal 1 sem birt er með reglugerð þessari;
- b. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2008 frá 9. júlí 2008 um upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir (VIS) og skipti á gögnum milli aðildarríkjanna um vegabréfsáritanir til stuttrar dvalar (VIS-reglugerð), með áorðnum breytingum skv. reglugerðum (EB) nr. 810/2009 frá 13. júlí 2009 og (ESB) nr. 610/2013 frá 26. júní 2013, sbr. fylgiskjal 2 sem birt er með reglugerð þessari og;
- c. ákvörðun ráðsins 2008/633/DIM frá 23. júní 2008, um uppflettaðgang tilnefndra yfirvalda aðildarríkjanna og Evrópulögreglunnar að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (VIS) í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um og rannsaka hryðjuverk og aðra alvarlega refsiverða verknaði, sbr. fylgiskjal 3 sem birt er með reglugerð þessari.

#### 2. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um þróun og rekstur íslenska hluta upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir (N-VIS) sem tryggir þar til bærum stjórnvöldum aðgang að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir og um ábyrgð íslenskra stjórnvalda að því er varðar vinnslu á persónuupplýsingum í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir. Með íslenska hluta upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir (N-VIS) er átt við landsbundna kerfið í skilningi 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008 um upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, sem er tengt miðlæga upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (C-VIS) á Schengen-svæðinu.

Að svo miklu leyti sem reglugerð þessi kveður ekki á um annað gilda ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og lög um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi, eftir því sem við á.

#### 3. gr.

##### *Ábyrgð á þróun og rekstri upplýsingakerfis sem tryggir þar til bærum stjórnvöldum aðgang að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir.*

Útlendingastofnun skal þróa og reka upplýsingakerfi sem tryggir stjórnvöldum sem talin eru upp í 4. gr. aðgang að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (N-VIS).

Útlendingastofnun veitir aðgang að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (N-VIS) að uppfylltum skilyrðum þessarar reglugerðar. Ríkislögreglustjóri veitir einnig aðgang að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (N-VIS) sem miðlæg aðgangstöð skv. 6. mgr. 4. gr.

Útlendingastofnun og ríkislögreglustjóra er heimilt að hafna aðgangi að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (N-VIS) ef talið er að skilyrði skv. 2. mgr. séu ekki uppfyllt. Einnig er heimilt að fella niður veitta aðgangsheimild að upplýsingakerfinu ef skilyrði skv. 2. mgr. eru ekki lengur uppfyllt.

#### 4. gr.

##### *Aðgangur að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir.*

Stjórnvöld í skilningi þessarar reglugerðar eru: Útlendingastofnun, starfsstöðvar utanríkisráðuneytisins sem hafa með útgáfu vegabréfsáritana að gera og lögreglan. Þau stjórnvöld skulu tryggja örugga gagnatengingu frá starfsstöðvum að landsbundna skilfletinum og vinnslu upplýsinga í íslenska

hluta upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir (N-VIS) og bera þann kostnað sem hlýst af tengingu starfsstöðva þess.

Stjórnvöld sem gefa út vegabréfsáritanir og taka ákvarðanir varðandi þær á grundvelli reglugerðar um vegabréfsáritanir skulu hafa aðgang að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (N-VIS) í samræmi við ákvæði 8.-17. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008.

Stjórnvöld sem annast eftirlit á ytri landamærastöðvum á grundvelli reglugerðar um för yfir landamæri skulu hafa aðgang að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (N-VIS) í samræmi við ákvæði 18. og 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008.

Lögregla og Útlendingastofnun skulu hafa aðgang að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (N-VIS) í samræmi við ákvæði 19., 20., 21. og 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008 að því marki sem þeim er nauðsynlegt til að sinna verkefnum sínum. Lögregla annast töku fingrafara til leitar í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (N-VIS) að uppfylltum skilyrðum 111. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016 og veitir viðkomandi útlendingi upplýsingar um ástæður leitarinnar í samræmi við 17. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018 og að ekki sé um skráningu að ræða.

Ríkislögreglustjóri annast leit í miðlæga upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (C-VIS) á grundvelli fingrafara. Ríkislögreglustjóri skal láta Útlendingastofnun eða lögreglu í té, eftir því sem við á, nauðsynlegar grunnupplýsingar, s.s. nafn, fæðingardag og áritunarnúmer, svo stofnunin eða lögreglan geti sótt nauðsynlegar upplýsingar í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir. Ríkislögreglustjóri getur sett verklagsreglur um meðferð fingrafaraupplýsinga og samskipti lögreglu, Útlendingastofnunar og ríkislögreglustjóra vegna leitar í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir.

Ríkislögreglustjóri er miðlæg aðgangsstöð í skilningi 3. mgr. 3. gr. ákvörðunar ráðsins 2008/633/DIM og skal halda skrá yfir þær starfseiningar tilnefndra stjórnvalda sem er heimill aðgangur að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (N-VIS) í samræmi við ákvæði 5. mgr. 3. gr. þeirrar ákvörðunar. Lögregla skal hafa aðgang að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir gegnum miðlægar aðgangsstöðvar í samræmi við ákvæði 4. og 5. gr. sömu ákvörðunar.

#### 5. gr.

##### *Aðgangur til að skrá, breyta, eyða og fletta upp gögnum í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir.*

Eingöngu starfsmenn stjórnvalda, sem gefa út vegabréfsáritanir, með tilskilda heimild skv. 2. mgr. 3. gr. hafa aðgang að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (N-VIS) til að skrá, breyta eða eyða gögnum sem um getur í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008.

Uppflettið aðgangur að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (N-VIS) hafa eingöngu starfsmenn stjórnvalda með tilskilda heimild skv. 2. mgr. 3. gr., sem eru lögbær skv. 1. mgr. 4. gr. og takmarkast hann við þau gögn sem þeir þurfa til að geta sinnt starfi sínu í samræmi við það og í samræmi við þau markmið sem stefnt er að.

Uppflettið aðgangur að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (N-VIS) hafa jafnframt eingöngu tilnefnd stjórnvöld skv. 6. mgr. 4. gr., með tilskilda heimild skv. 2. mgr. 3. gr., og takmarkast hann við leit í þeim gögnum sem talin eru upp í 2. mgr. 5. gr. ákvörðunar ráðsins 2008/633/DIM. Öflun persónuupplýsinga samkvæmt þeirri ákvörðun skal aðeins gerð í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um og rannsaka hryðjuverk og aðra alvarlega, refsiverða verknaði.

Hafi verið skráðar í upplýsingakerfið rangar eða ófullkomnar upplýsingar, skal tafarlaust tilkynna aðildarríkinu sem ber ábyrgð á skráningunni um það, sem ber að leiðrétta þau eða eyða, ef nauðsyn krefur.

#### 6. gr.

##### *Gagnaöryggi.*

Útlendingastofnun skal tryggja að skýrar verklagsreglur séu til staðar hjá þar til bærum stjórnvöldum um skilyrði til að fletta upp, leita og miðla gögnum úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (N-VIS), ásamt því að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að:

- a. tryggja öryggi gagna í samræmi við skilyrði a–k-liðar 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008 og a–k-liðar 2. mgr. 9. gr. ákvörðunar ráðsins 2008/633/DIM, eftir því sem við á og;

- b. tryggja að við kerfið starfi einungis starfsmenn sem hafa fengið viðeigandi þjálfun að því er varðar reglur um gagnaöryggi og gagnavernd auk þess sem þeir skulu hafa verið upplýstir um viðeigandi refsiverða verknaði og viðurlög við þeim sbr. 5. mgr. 28. gr. og 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008 og 8. mgr. 8. gr. ákvörðunar ráðsins 2008/633/DIM.

## 7. gr.

*Öryggisáætlun.*

Útlendingastofnun skal gera skriflega áætlun um gagnaöryggi skv. a-lið 6. gr. Áætlunin skal taka til þeirra sem á vegum Útlendingastofnunar annast upplýsingatæknimál við íslenska hluta upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir (N-VIS) og þeirra stjórnvalda sem hafa aðgang að fyrrgreindu kerfi.

Útlendingastofnun skal endurskoða áætlun skv. 1. mgr. eftir þörfum en þó ekki sjaldnar en á þriggja ára fresti. Endurskoðun skal meðal annars taka mið af reynslu af rekstri upplýsingakerfisins og mati á þeim atriðum sem fela í sér hættu fyrir öryggi kerfisins.

Þeir sem á vegum Útlendingastofnunar annast upplýsingatæknimál við íslenska hluta upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir (N-VIS) bera ábyrgð á því gagnvart stofnuninni að áætluninni sé fylgt. Sama gildir um þau stjórnvöld sem hafa aðgang að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir.

Útlendingastofnun getur krafist þá sem á hennar vegum annast tölvuþjónustu við íslenska hluta upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir (N-VIS), um upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að stofnunin geti uppfyllt skyldur sínar varðandi gagnaöryggi skv. 1.-3. mgr. Sama gildir um önnur stjórnvöld sem hafa aðgang að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (N-VIS).

## 8. gr.

*Ábyrgð á vinnslu gagna.*

Útlendingastofnun er ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (N-VIS) skv. 4. mgr. 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008, auk tilkynninga og beiðna skv. 37. og 38. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008. Á þeim grundvelli hefur Útlendingastofnun heimild til að óska eftir öllum nauðsynlegum upplýsingum frá stjórnvöldum sem hafa skráð, breytt eða eytt persónuupplýsingum í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. eru önnur þar til bær stjórnvöld ábyrg fyrir vinnslu sinni í upplýsingakerfinu.

## 9. gr.

*Ábyrgð á vistun gagna.*

Útlendingastofnun skal halda skrár um alla gagnavinnslu í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (N-VIS), sbr. 34. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008 og 16. gr. ákvörðunar ráðsins 2008/633/DIM.

Þar að auki skal Útlendingastofnun halda skrár yfir það starfsfólk sem hefur heimild til að færa inn eða sækja gögn í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir (N-VIS).

Skrárnar má eingöngu nota við gagnaverndareftirlit með lögmæti gagnavinnslunnar og til að tryggja gagnaöryggi. Gerðar skulu viðeigandi ráðstafanir til að verjast óheimilum aðgangi að skránum og skal þeim eytt ári eftir að varðveislutíminn, sem um getur í 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008 rennur út, ef þeirra er ekki þörf vegna eftirlits sem þegar er hafið.

## 10. gr.

*Varðveisla og eyðing gagna.*

Hver umsóknarskrá skal geymd í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í fimm ár að hámarki frá því tímabili sem kveðið er á um í a–d-lið 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008, sbr. þó um eyðingu gagna sem um getur í 4. mgr. 5. gr., 2. mgr. þessa ákvæðis og um skráahald sem um getur í 9. gr.

Hafi umsækjandi um vegabréfsáritun öðlast ríkisfang í aðildarríki áður en tímabilið sem mælt er fyrir um í 1. mgr. rennur út, skal það stjórnvald sem stofnaði viðkomandi umsóknarskrá eða -skrár og tengingar varðandi hann, tafarlaust eyða þeim úr upplýsingakerfinu.

Nr. 1275

29. október 2021

Ef umsækjanda um vegabréfsáritun hefur verið veitt ríkisfang hér á landi skal án tafar tilkynna það aðildarríkinu eða -ríkjunum sem bera ábyrgð.

11. gr.

*Lagastoð og gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í 9. mgr. 20. gr. og 6. tölul. 1. og 2. mgr. 120. gr. laga nr. 80/2016 um útlendinga, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Dómsmálaráðuneytinu, 29. október 2021.*

**Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.**

---

*Haukur Guðmundsson.*

**Fylgiskjal 1.****ÁKVÖRDUN RÁÐSINS**

frá 8. júní 2004

**um að koma á upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir (VIS)**

(2004/512/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 66. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Á fundi sínum í Sevilla 21. og 22. júní 2002 taldi leiðtoga ráðið algjört forgangsmál að koma á sameiginlegu auðkenniskerfi fyrir upplýsingar um vegabréfsáritanir og fór fram á að slíkt kerfi yrði innleitt eins fljótt og auðið er, á grundvelli hagkvæmniathugunar og viðmiðunarreglnanna sem ráðið samþykkti 13. júní 2002.
- 2) Hinn 5. og 6. júní 2003 fagnaði ráðið hagkvæmniathuginni, sem framkvæmdastjórnin lagði fram í maí 2003, staðfesti markmið upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir (VIS) eins og þau eru sett fram í viðmiðunarreglunum og hvatti framkvæmdastjórnina til að halda áfram undirbúningi sínum að þróun upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir í samstarfi við aðildarríkin á grundvelli miðstýrðrar högunar, að teknu tilliti til möguleikans á sameiginlegum, tæknilegum verkvangi með annarri kynslóð Schengen-upplýsingakerfisins (SIS II-upplýsingakerfið).
- 3) Á fundi sínum í Þessalóníku hinn 19. og 20. júní 2003 taldi leiðtoga ráðið brýnt að ákveða, eins fljótt og auðið væri, í kjölfar hagkvæmniathugunarinnar, stefnumið fyrir skipulag þróunar upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, viðeigandi lagagrundvöll sem heimilar að því verði komið á og úthlutun á nauðsynlegu fjármagni.
- 4) Þessi ákvörðun myndar nauðsynlegan lagagrundvöll til að fella megi nauðsynlegar fjárveitingar til þróunar upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir inn í fjárlög Evrópusambandsins og framkvæma þann hluta fjárlaganna, þ.m.t. nauðsynlegar undirbúningsráðstafanir vegna innfellingar lífkennipáttá seinnar meir í samræmi við niðurstöður ráðsins frá 19. febrúar 2004.
- 5) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari ákvörðun skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið<sup>(1)</sup>. Nefndin, sem er framkvæmdastjórninni til

aðstoðar, skall hittast eftir þörfum, í tveimur mismunandi hópum eftir því hver dagskráin er.

- 6) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar ákvörðunar, þ.e. að þróa sameiginlegt upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir, og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, vegna þess hve aðgerðin er umfangsmikil og hefur viðtæk áhrif, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálsins. Með ákvörðun þessari er ekki gengið lengra en nauðsynlegt er til að ná þessu markmiði í samræmi við meðalhófsregluna eins og hún er sett fram í framangreindri grein.
- 7) Í þessari ákvörðun eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.
- 8) Danmörk tekur, í samræmi við 1. og 2. gr. bókunarinnar um stöðu Danmerkur, sem fylgir með sáttmálanum um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, ekki þátt í samþykkt þessarar ákvörðunar og er ekki bundin af henni eða beitingu hennar. Þar eð þessi ákvörðun byggist á Schengen-réttarreglunum [áður Schengen-gerðunum] samkvæmt ákvæðum IV. bálks þriðja hluta stofnsáttmála Evrópubandalagsins, ber Danmörku, í samræmi við 5. gr. þeirrar bókunar, að ákveða innan sex mánaða eftir að ráðið hefur samþykkt ákvörðun þessa hvort hún verði felld inn í landslög.
- 9) Að því er Ísland og Noreg varðar telst þessi ákvörðun vera þróun á ákvæðum Schengen-réttarreglnanna í skilningi samningsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku þessara tveggja ríkja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna<sup>(2)</sup>, sem falla innan sviðsins sem um getur í B-lið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB<sup>(3)</sup> um sérstakt fyrirkomulag um beitingu þess samnings.
- 10) Gera þarf ráðstafanir til að gera fulltrúum Íslands og Noregs kleift að koma að starfi nefnda sem aðstoða framkvæmdastjórnina við að beita framkvæmdavaldi sínu. Slíkt fyrirkomulag hefur verið til umfjöllunar í bréfaskiptum milli Bandalagsins og Íslands og Noregs, sem fylgja með framangreindum samningi.
- 11) Þessi ákvörðun telst vera þróun á ákvæðum Schengen-réttarreglnanna sem Breska konungsríkið tekur ekki þátt í, í samræmi við ákvörðun ráðsins 2000/365/EB frá 29. maí 2000 varðandi beiðni Hins sameiginlega konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands um að eiga þátt í

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31.

sumum ákvæðum Schengen-réttarreglnanna <sup>(1)</sup>. Breska konungsríkið tekur því ekki þátt í samþykkt hennar og er ekki bundið af henni eða beitingu hennar.

- 12) Þessi ákvörðun telst vera þróun á ákvæðum Schengen-réttarreglnanna sem Írland tekur ekki þátt í, í samræmi við ákvörðun ráðsins 2002/192/EB frá 28. febrúar 2002 varðandi beiðni Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-réttarreglnanna <sup>(1)</sup>. Írland tekur því ekki þátt í samþykkt hennar og er ekki bundið af henni eða beitingu hennar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

1. Hér með er komið á kerfi fyrir skipti á gögnum um vegabréfsáritanir milli aðildarríkjanna, hér á eftir nefnt „upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir“, sem gerir viðurkenndum innlendum yfirvöldum kleift að skrá og uppfæra gögn um vegabréfsáritanir og fletta upp í gögnunum með rafrænum hætti.

2. Upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir skal byggjast á miðlægri högun og samanstanda af miðlegu upplýsingakerfi, hér á eftir nefnt „miðlega upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir“ (CS-VIS), skilfleti í hverju aðildarríki, hér á eftir nefndur „landsbundinn skilflötur“ (NI-VIS) sem skal sjá um tengingu milli viðeigandi miðlægs landsyfirvalds í viðkomandi aðildarríki, og samskiptagrunnvirki milli miðlæga upplýsingakerfisins og landsbundnu skilflatanna.

2. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal sjá um að þróa miðlega upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, landsbundna skilflötinn í hverju aðildarríki og samskiptagrunnvirkið milli miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir og landsbundnu skilflatanna.

2. Aðildarríkin skulu aðlaga og/eða þróa landsbundnu grunnvirki.

3. gr.

Nauðsynlegar ráðstafanir til þróunar miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, landsbundinna skilflata og samskiptagrunnvirkisins milli miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir og landsbundnu skilflatanna skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 5. gr. þegar þær varða önnur mál en þau sem talin eru upp í 4. gr.

4. gr.

Nauðsynlegar ráðstafanir til þróunar miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, landsbundinna skilflata og samskiptagrunnvirkisins milli miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir og landsbundnu skilflatanna, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 5. gr., að því er varðar eftirfarandi mál:

- a) hönnun á uppbyggingu kerfisins (e. physical architecture), þ.m.t. samskiptaneti þess,
- b) tæknilega þætti sem snerta vernd persónuupplýsinga,
- c) tæknilega þætti sem hafa veruleg efnahagsleg áhrif á fjárlög aðildarríkja eða veruleg tæknileg áhrif á landsbundin kerfi aðildarríkjanna
- d) þróun öryggiskrafna, þ.m.t. lífkennipátta.

5. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 5. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2424/2001 frá 6. desember 2001 um þróun annarrar kynslóðar Schengen-upplýsingakerfisins (SIS II) <sup>(2)</sup>.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.

Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera tveir mánuðir.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.

Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera tveir mánuðir.

4. Nefndin setur sér starfsreglur.

6. gr.

Framkvæmdastjórnin skal leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið árlega framvinduskýrslu um þróun miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, landsbundinna skilflata í hverju aðildarríki og samskiptagrunnvirkis milli miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir og landsbundnu skilflatanna, í fyrsta skipti fyrir lok ársins eftir að skrifað var undir samninginn um þróun upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir.

7. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

8. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna í samræmi við stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

Gjört í Lúxemborg 8. júní 2004.

Fyrir hönd ráðsins,

M. McDOWELL

forseti.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 131, 1.6.2000, bls. 43.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 328, 13.12.2001, bls. 4.

**Fylgiskjal 2.****REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁDSINS (EB) NR. 767/2008**

frá 9. júlí 2008

**um upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir (VIS) og skipti á gögnum milli aðildarríkjanna um vegabréfsáritanir til stuttrar dvalar (VIS-reglugerð), með síðari breytingum\***

EVROÞUPINGID OG RAD EVROÞUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum ii. lið b-liðar 2. mgr. 62. gr. og 66. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(1)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Innleiðing upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir (VIS), sem komið var á fót á grundvelli niðurstaðna ráðsins frá 20. september 2001 og niðurstaðna leiðtoga ráðsins í Laeken í desember 2001, í Sevilla í júní 2002, í Þessalóníku í júní 2003 og Brussel í mars 2004, er einn af lykilþáttunum í stefnu Evrópusambandsins sem miðar að því að koma á svæði þar sem ríkir frelsi, öryggi og réttlæti.
- 2) Með ákvörðun ráðsins 2004/512/EB frá 8. júní 2004 um að koma á upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir (VIS) <sup>(2)</sup> var upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir komið á sem kerfi fyrir skipti á gögnum um vegabréfsáritanir milli aðildarríkjanna.
- 3) Nú er brýnt að skilgreina markmið og virkni upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir og ábyrgð í tengslum við það, setja skilyrði og kveða á um verklagsreglur við skipti á gögnum um vegabréfsáritanir milli aðildarríkja til að greiða fyrir meðferð umsókna um vegabréfsáritanir og tengdum ákvörðunum, með tilliti til stefnumiða varðandi þróun upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir sem ráðið samþykkti 19. febrúar 2004, sem og að veita framkvæmdastjórninni heimildir til að koma á fót upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir.
- 4) Meðan á aðlögunartímabili stendur skal framkvæmdastjórnin bera ábyrgð á rekstrarstjórnun hins miðlæga upplýsingakerfis um vegabréfsáritanir, landsbundinna skilflata og tiltekinn þátta grunnvirkis fyrir samskipti milli miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir og landsbundnu skilflatanna.  
Til lengri tíma litið og á grundvelli mats á áhrifum, sem felur í sér ítarlega greiningu á valkostum frá fjárhagslegu, rekstrarlegu og skipulagslegu sjónarhorni, og tillagna framkvæmdastjórnarinnar um réttarreglur, skal koma á fót föstu rekstraryfirvaldi sem ber ábyrgð á þessum verkefnum. Aðlögunartímabilið skal ekki vara lengur en fimm ár frá því að þessi reglugerð öðlast gildi.
- 5) Markmið upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir er að framfylgja betur sameiginlegri stefnu í vegabréfsáritunarmálum, efla ræðissamstarf og samráð miðlægra yfirvalda sem gefa út vegabréfsáritanir með því að auðvelda gagnaskipti milli aðildarríkjanna varðandi umsóknir og ákvarðanir í tengslum við þær til að auðvelda málsmeðferð við umsókn um vegabréfsáritun, sporna gegn „áritanasnapi“, auðvelda baráttuna gegn svikum og auðvelda efirlit á ytri landamærastöðvum og innan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna. Upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir er einnig ætlað að vera hjálpartæki til að bera kennsl á einstaklinga sem fullnægja ekki, eða fullnægja ekki lengur, skilyrðum fyrir komu til eða dvöl eða búsetu á yfirráðasvæði aðildarríks, auðvelda beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 343/2003 frá 18. febrúar 2003 um að koma á viðmiðunum og fyrirkomulagi við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsókna um hæli sem ríkisborgari þriðja lands leggur fram í einu aðildarríkjanna <sup>(3)</sup>, og stuðla að því að komið sé í veg fyrir að innra öryggi aðildarríkja sé ógnað.
- 6) Reglugerð þessi byggir á gerðum um sameiginlega stefnu í málum er varða vegabréfsáritanir. Gögnin, sem á að vinna í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir skulu skilgreind á grundvelli þeirra upplýsinga, sem fram koma á almennu eyðublaði fyrir umsóknir um vegabréfsáritanir, sem komið var á með ákvörðun ráðsins 2002/354/EB frá 25. apríl 2002 um aðlögun III. hluta og samantekt á 16. viðauka við Sameiginlegu fyrirmælin um vegabréfsáritanir til sendiráða og ræðisskrifstofa <sup>(4)</sup>, og upplýsinga á vegabréfsáritunarmiðanum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1683/95 frá 29. maí 1995 um fyrirmynd að samræmdum vegabréfsáritunum <sup>(5)</sup>.
- 7) Upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir skal vera tengt landsbundnum kerfum aðildarríkjanna til að gera lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna kleift að vinna gögn um umsóknir um vegabréfsáritanir og um vegabréfsáritanir sem hafa verið gefnar út, þeim synjað, þær ógildar, afturkallaðar eða framlengdar.
- 8) Skilyrði fyrir og verklagsreglur við að skrá, breyta, eyða og fletta upp í gögnum í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir skulu taka mið af þeim verklagsreglum sem mælt er fyrir um í Sameiginlegu fyrirmælunum um vegabréfsáritanir til sendiráða og ræðisskrifstofa <sup>(6)</sup> (Sameiginlegu fyrirmælin til sendiráða og ræðisskrifstofa).
- 9) Fella skal inn í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir tæknilegar verklagsreglur netsins vegna samráðs við miðlæg yfirvöld sem gefa út vegabréfsáritanir, eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 17. gr. samningsins um framkvæmd Schengen-samkomu-

\* EUR-Lex skjal 02008R0767-20131019.

<sup>(1)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 7. júní 2007 (Stjtið. ESB C 125 E, 22.5.2008, bls. 118) og ákvörðun ráðsins frá 23. júní 2008.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 213, 15.6.2004, bls. 5.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 50, 25.2.2003, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 123, 9.5.2002, bls. 50.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 164, 14.7.1995, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1791/2006 (Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 1).

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB C 326, 22.12.2005, bls. 1. Fyrirmælunum var síðast breytt með ákvörðun ráðsins 2006/684/EB (Stjtið. ESB L 280, 12.10.2006, bls. 29).

lagsins frá 14. júní 1985 milli ríkisstjórna ríkja Benelúx-efnahagssambandsins, Sambandslýðveldisins Þýskalands og Lýðveldisins Frakklands um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum <sup>(7)</sup> (Schengen-samningurinn).

- 10) Til að tryggja að unnt sé að sannreyna að umsækjendur um vegabréfsáritanir séu þeir sem þeir segjast vera og bera kennsl á þá á áreiðanlegan hátt er nauðsynlegt að fella lífkenniuþplýsingar inn í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir.
- 11) Brýnt er að skilgreina lögbær yfirvöld aðildarríkjanna þar sem starfsfólk með tilskilda heimild mun fá aðgang til að skrá gögn og breyta, eyða eða fletta upp gögnum í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, skv. hinu sérstaka markmiði upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir í samræmi við þessa reglugerð, að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt til að þau geti leyst verkefni sín af hendi.
- 12) Öll vinnsla á gögnum í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir skal vera í samræmi við markmiðin sem stefnt er að og vera nauðsynleg til að lögbær yfirvöld geti leyst verkefni sín af hendi. Við notkun upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir skulu lögbær yfirvöld tryggja að tekið sé tillit til mannlegrar reisnar og friðhelgi þeirra einstaklinga sem beðið er um upplýsingar um og skulu þau ekki mismuna fólki á grundvelli kynferðis, kynþáttar eða þjóðernis, trúarbragða eða skoðana, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar.
- 13) Til viðbótar við þessa reglugerð skal samþykka sérstakan löggæring undir VI. bálki sáttmálsins um Evrópusambandið um upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir.
- 14) Persónuupplýsingar, sem eru geymdar í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, skal ekki geyma lengur en þörf er á miðað við tilganginn með upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir. Rétt er að upplýsingarnar séu geymdar að hámarki í fimm ár, svo hægt sé að taka tillit til fyrri umsókna við mat á umsókn um vegabréfsáritun, þ.m.t. á heiðarleika umsækjanda, og við gagnasöfnun um ólöglega innflytjendur sem einhvern tíma kunna að hafa sótt um vegabréfsáritun. Styttra tímabil væri ekki fullnægjandi í þessum tilgangi. Upplýsingunum skal eyða að fimm árum liðnum, nema ástæða sé til að eyða þeim fyrir þann tíma.
- 15) Mæla skal fyrir um ítarlegar reglur um ábyrgðina á stofnun og rekstri upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir annars vegar og um ábyrgðina sem aðildarríkin bera á landsbundnu kerfunum og um aðgang innlendra yfirvalda að gögnum hins vegar.
- 16) Mæla skal fyrir um reglur um bótaábyrgð aðildarríkjanna vegna tjóns sem má rekja til brota á þessari reglugerð. Bótaábyrgð framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar slíkt tjón fellur undir aðra málsgrein 288. gr. sáttmálsins.
- 17) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga <sup>(8)</sup> gildir um vinnslu aðildarríkjanna á persónuupplýsingum við beitingu þessarar reglugerðar. Þó er rétt að skýra tiltekin atriði að því er varðar ábyrgð á gagnavinnslu, vernd réttinda þeirra sem gögnin fjalla um og eftirlit með gagnavernd.
- 18) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga <sup>(9)</sup> gildir um starfsemi stofnana og aðila Bandalagsins þegar þeir sinna hlutverki sínu sem ábyrgðaraðilar á rekstrarstjórn upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir. Þó er rétt að skýra tiltekin atriði að því er varðar ábyrgð á gagnavinnslu og eftirlit með gagnavernd.
- 19) Innlend eftirlitsyfirvöld, sem komið er á fót í samræmi við 28. gr. tilskipunar 95/46/EB, skulu fylgjast með því að vinnsla aðildarríkjanna á persónuupplýsingum sé með lögmætum hætti en Evrópska persónuverndarstofnunin, sem var komið á með reglugerð (EB) nr. 45/2001, skal hafa eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga hjá stofnunum og aðilum Bandalagsins, að teknu tilliti til takmarkaðra verkefna stofnana og aðila Bandalagsins að því er varðar sjálfar upplýsingarnar.
- 20) Evrópska persónuverndarstofnunin og innlend eftirlitsyfirvöld skulu hafa virkt samstarf sín á milli.
- 21) Reglulega skal fara fram mat á því hvort skilvirkt eftirlit sé haft með beitingu þessarar reglugerðar.
- 22) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar og tryggja framkvæmd þeirra.
- 23) Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar, ber að samþykka í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(10)</sup>.
- 24) Í þessari reglugerð eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.
- 25) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að koma á sameiginlegu upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir og skilgreina sameiginlegar skuldbindingar, skilyrði og aðferðir við skipti á gögnum um vegabréfsáritanir milli aðildarríkjanna, og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, vegna þess hve aðgerðin er umfangsmikil og hefur viðtæk áhrif, er Bandalaginu heimilt að samþykka ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálsins. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.
- 26) Danmörk tekur, í samræmi við 1. og 2. gr. bókunarinnar um stöðu Danmerkur, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, ekki þátt í samþykkt þessarar reglugerðar og er því ekki bundin af henni eða beitingu hennar. Þar eð þessi reglugerð byggir á Schengen-gerðunum, samkvæmt ákvæðum IV. bálks þriðja

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 239, 22.9.2000, bls. 19. Samningnum var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1987/2006 (Stjtið. ESB L 381, 28.12.2006, bls. 4).

<sup>(8)</sup> Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

<sup>(9)</sup> Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

<sup>(10)</sup> Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2006/512/EB (Stjtið. ESB L 200, 22.7.2006, bls. 11).



hluta stofnsáttmála Evrópubandalagsins, ber Danmörku, í samræmi við 5. gr. þeirrar bókunar, að ákveða innan sex mánaða eftir að ráðið hefur samþykkt reglugerð þessa hvort hún tekur hana upp í landslög.

- 27) Að því er Ísland og Noreg varðar telst þessi reglugerð vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna í skilningi samningsins sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku þessara tveggja ríkja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna <sup>(11)</sup>, sem falla innan sviðsins sem um getur í B-lið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB <sup>(12)</sup> frá 17. maí 1999 um sérstakt fyrirkomulag um beitingu þess samnings.
- 28) Gera skal ráðstafanir til að gera fulltrúum Íslands og Noregs kleift að koma að starfi nefnda sem aðstoða framkvæmdastjórnina við að beita framkvæmdavaldi sínu. Slíkt fyrirkomulag hefur verið til umfjöllunar í samningnum í formi bréfaskipta milli ráðs Evrópusambandsins og Lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs um nefndir sem aðstoða framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna við að beita framkvæmdavaldi sínu <sup>(13)</sup> sem fylgir með í viðauka við samninginn sem um getur í 27. forsendu.
- 29) Þessi reglugerð telst vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna, sem Breska konungsríkið tekur ekki þátt í, í samræmi við ákvörðun ráðsins 2000/365/EB frá 29. maí 2000 varðandi beiðni Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norðurlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-gerðanna <sup>(14)</sup> og síðari ákvörðun ráðsins 2004/926/EB frá 22. desember 2004 um að koma hluta Schengen-gerðanna til framkvæmda í Hinu sameiginlega konungsríki Stóra-Bretlands og Norðurlands <sup>(15)</sup>. Breska konungsríkið tekur því ekki þátt í samþykkt hennar og er ekki bundið af henni eða beitingu hennar.
- 30) Þessi reglugerð telst vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna sem Írland tekur ekki þátt í, í samræmi við ákvörðun ráðsins 2002/192/EB frá 28. febrúar 2002 varðandi beiðni Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-gerðanna <sup>(16)</sup>. Írland tekur því ekki þátt í samþykkt hennar og er ekki bundið af henni eða beitingu hennar.
- 31) Að því er Sviss varðar telst þessi reglugerð vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna í skilningi samningsins sem Evrópusambandið, Evrópubandalagið og Ríkjasambandið Sviss gerðu með sér um þátttöku Ríkjasambandsins Sviss í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sem falla innan sviðsins sem um getur í B-lið 1. gr. ákvörðunar 1999/437/EB, túlkuð í tengslum við 1. mgr. 4. gr. ákvörðunar ráðsins 2004/860/EB <sup>(17)</sup>.
- 32) Gera skal ráðstafanir til að gera fulltrúum Sviss kleift að koma að starfi nefnda sem aðstoða framkvæmdastjórnina við að beita framkvæmdavaldi sínu. Slíkt fyrirkomulag hefur verið til umfjöllunar í bréfaskiptum milli Bandalagsins og Sviss sem fylgja með sem viðauki við samninginn sem um getur í 31. forsendu.
- 33) Þessi reglugerð er gerð sem byggist á Schengen-gerðunum eða tengist þeim á annan hátt í skilningi 2. mgr. 3. gr. aðildarlaganna frá 2003 og 2. mgr. 4. gr. aðildarlaganna frá 2005.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## I. KAFLI

### ALMENN ÁKVÆÐI

#### 1. gr.

#### Efni og gildissvið

Í reglugerð þessari eru skilgreind markmið og aðgerðir upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, sem komið var á skv. 1. gr. ákvörðunar 2004/512/EB, og ábyrgð á því. Í henni eru sett skilyrði og kveðið á um verklagsreglur í tengslum við skipti á gögnum milli aðildarríkjanna um umsóknir um vegabréfsáritanir til stuttrar dvalar og ákvarðanir sem eru teknar um þær, þ.m.t. ákvarðanir um hvort á að ógilda, afturkalla eða framlengja vegabréfsáritun, til að greiða fyrir meðferð slíkra umsókna og ákvörðunum tengdum þeim.

#### 2. gr.

#### Tilgangur

Markmiðið með upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir er að framfylgja betur sameiginlegri stefnu í vegabréfsáritanamálum, ræðissamstarfi og samráði milli miðlægra yfirvalda sem gefa út vegabréfsáritanir, með því að auðvelda gagnaskipti milli aðildarríkjanna varðandi umsóknir og ákvarðanir þar að lútandi, í því skyni:

- að auðvelda málsmeðferð við umsókn um vegabréfsáritun,
- að koma í veg fyrir að viðmiðanir, sem beitt er til að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsókna, séu sniðgengnar,
- að auðvelda baráttuna gegn svikum,
- að auðvelda eftirlit á ytri landamærastöðvum og innan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna,

<sup>(11)</sup> Stjtið. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.

<sup>(12)</sup> Stjtið. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31.

<sup>(13)</sup> Stjtið. EB L 176, 10.7.1999, bls. 53.

<sup>(14)</sup> Stjtið. EB L 131, 1.6.2000, bls. 43.

<sup>(15)</sup> Stjtið. ESB L 395, 31.12.2004, bls. 70.

<sup>(16)</sup> Stjtið. EB L 64, 7.3.2002, bls. 20.

<sup>(17)</sup> Ákvörðun 2004/860/EB frá 25. október 2004 um undirritun, fyrir hönd Evrópubandalagsins, og um bráðabirgðabeitingu tiltekinnna ákvæða Samningsins milli Evrópusambandsins, Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss um þátttöku Ríkjasambandsins Sviss í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna (Stjtið. ESB L 370, 17.12.2004, bls. 78).

- e) að aðstoða við að bera kennsl á einstaklinga sem fullnægja ekki eða fullnægja ekki lengur skilyrðum fyrir komu til eða dvöl eða búsetu á yfirráðasvæði aðildarríkis,
- f) að auðvelda beitingu reglugerðar (EB) nr. 343/2003 og
- g) að stuðla að því að komið verði í veg fyrir að innra öryggi aðildarríkja sé ógnað.

## 3. gr.

**Aðgangur að gögnum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um og rannsaka hryðjuverk og aðra, alvarlega refsiverða verknaði**

1. Tilnefnd yfirvöld aðildarríkjanna geta í sérstökum tilvikum og að framlagðri rökstuddri beiðni, skriflega eða rafrænt, fengið aðgang að þeim gögnum, sem geymd eru í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir og um getur í 9.–14. gr., ef gild ástæða er til að ætla að leit í gögnum í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir muni stuðla að því að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk og aðra, alvarlega refsiverða verknaði. Evrópulögreglunni er heimilt að fá aðgang að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir að því marki sem það rúmast innan heimilda hennar og þegar nauðsynlegt er til að hún geti leyst verkefni sín af hendi.
2. Leitin, sem um getur í 1. mgr., skal fara fram gegnum miðlæga aðgangsstöð eða stöðvar sem bera ábyrgð á því að tryggja að skilyrði fyrir aðgangi séu að fullu uppfyllt og þeim verklagsreglum nákvæmlega fylgt, sem komið var á með ákvörðun ráðsins 2008/633/DIM frá 23. júní 2008 um uppflettiáðgang tilnefndra yfirvalda aðildarríkjanna og Evrópulögreglunnar að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (VIS), í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um og rannsaka hryðjuverk og aðra alvarlega, refsiverða verknaði (18). Aðildarríkin geta tilnefnt fleiri en eina miðlæga aðgangsstöð til að endurspegla stjórnskipulag sitt og uppfylla stjórnskipuleg eða lagaleg skilyrði. Í brýnum undantekningartilvikum er miðlægam aðgangsstöðvum heimilt að taka við skriflegum, rafrænum eða munnlegum beiðnum og ekki sannreyna fyrir en eftir á hvort öllum skilyrðum fyrir aðgangi hafi verið fullnægt, þ.m.t. hvort um brýnt undantekningartilvik hafi verið að ræða. Sannprófunin sem fer fram eftir á skal framkvæmd tafarlaust eftir að beiðnin hefur verið afgreidd.
3. Gögn, sem fást úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir samkvæmt ákvörðuninni sem um getur í 2. mgr., má ekki afhenda eða gera aðgengilegar þriðja landi eða alþjóðastofnun. Í brýnum undantekningartilvikum er þó heimilt að afhenda slík gögn eða gera þau aðgengileg þriðja landi eða alþjóðastofnun, eingöngu í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða koma upp um hryðjuverk og aðra alvarlega, refsiverða verknaði og samkvæmt skilyrðunum sem sett eru fram í þeirri ákvörðun. Aðildarríkin skulu sjá til þess, í samræmi við landslög, að skýrslur yfir slíka afhendingu séu geymdar og þær gerðar aðgengilegar innlendum gagnaverndar-yfirvöldum, sé þess óskað. Afhending gagna, af hálfu aðildarríkisins sem færði gögnin inn í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, skal vera með fyrirvara um landslög þess aðildarríkis.
4. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á þá skyldu yfirvaldanna, sem um getur í 6. gr., samkvæmt gildandi landslögum að miðla upplýsingum um hvers konar afbrot sem þau uppgötva við skyldustörf sín til ábyrgra yfirvalda, í þeim tilgangi að koma í veg fyrir þá refsiverðu verknaði sem um ræðir, rannsaka þá eða annast saksókn vegna þeirra.

## 4. gr.

**Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „vegabréfsáritun“:
  - a) „samræmd vegabréfsáritun“, eins og skilgreint er í 3. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 810/2009 frá 13. júlí 2009 um Bandalagsreglur um vegabréfsáritanir (vegabréfsáritunarreglurnar) (19),
  - c) „vegabréfsáritun til gegnumferðar um flughöfn“, eins og skilgreint er í 5. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 810/2009,
  - d) „vegabréfsáritun með takmarkað gildissvæði“, eins og skilgreint er í 4. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 810/2009,
2. „vegabréfsáritunarmiði“: fyrirmyndin að samræmdum vegabréfsáritunum sem komið var á með reglugerð (EB) nr. 1683/95,
3. „yfirvöld sem gefa út vegabréfsáritanir“: yfirvöld sem bera ábyrgð í hverju aðildarríki á meðferð umsókna um vegabréfsáritanir og ákvarðanatöku varðandi þær eða hvort á að ógilda, afturkalla eða framlengja vegabréfsáritanir, þ.m.t. miðlæg yfirvöld sem gefa út vegabréfsáritanir og yfirvöld sem bera ábyrgð á útgáfu vegabréfsáritana á landamærum í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 415/2003 frá 27. febrúar 2003 um útgáfu vegabréfsáritana á landamærum, þ.m.t. útgáfu slíkra vegabréfsáritana til handa sjómönnum í gegnumferð (20),
4. „umsóknareyðublað“: sameiginlega umsóknareyðublaðið fyrir vegabréfsáritanir í I. viðauka við reglugerð (ESB) 810/2009,
5. „umsækjandi“: hver sá sem fellur undir kvöð um vegabréfsáritun samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 539/2001 frá 15. mars 2001 þar sem talin eru upp þriðju lönd þar sem ríkisborgarar verða að hafa vegabréfsáritun til að fara yfir ytri landamæri aðildarríkjanna og þriðju lönd þar sem ríkisborgararnir eru undanþegnir þeirri kvöð (21), og hefur lagt inn umsókn um vegabréfsáritun,
6. „meðlimir hóps“: umsækjendur sem af lagalegum ástæðum er skylt að koma saman inn á yfirráðasvæði aðildarríkisins og fara þaðan saman,

(18) Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 129.

(19) Stjtið. ESB L 243, 15.9.2009, bls. 1.

(20) Stjtið. ESB L 64, 7.3.2003, bls. 1.

(21) Stjtið. ESB L 81, 21.3.2001, bls. 1. Reglugerðin eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1932/2006 (Stjtið. ESB L 405, 30.12.2006, bls. 23).

7. „ferðaskilríki“: vegabréf eða önnur jafngild skilríki sem heimila handhafa að fara yfir ytri landamæri og sem setja má vegabréfsáritun í,
8. „aðildarríki sem ber ábyrgð“: aðildarríkið sem færði gögnin inn í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir,
9. „sannprófun“: samanburður á gagnamengjum til að sannreyna hvort viðkomandi einstaklingur sé sá sem hann segist vera (e. one-to-one check),
10. „staðfesting deila“: það ferli að ákvarða deili á einstaklingi með leit í gagnagrunni, þar sem borið er saman við mörg gagnamengi (eitt gagnamengi borið saman við mörg (e. one-to-many check)),
11. „alstafagögn“: gögn sem sett eru fram með bókstöfum, tölustöfum, sérstökum táknum, bilum og greinarmerkjum,

5. gr.

#### Gagnaflokkar

1. Í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir skal eingöngu skrá eftirfarandi gögn:
  - a) ritstafagögn um umsækjanda og um vegabréfsáritanir sem hann hefur óskað eftir, sem gefnar hafa verið út, sem synjað hefur verið um, sem hafa verið ógildar, afturkallaðar eða framlengdar eins og um getur í 1.–4. mgr. 9. gr. og 10.–14. gr.,
  - b) ljósmyndir eins og um getur í 5. mgr. 9. gr.,
  - c) fingrafaraupplýsingar eins og um getur í 6. mgr. 9. gr.,
  - d) tengingar við aðrar umsóknir eins og um getur í 3. og 4. mgr. 8. gr.
2. Tilkynningar, sem sendar eru um grunnvirki upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir og um getur í 16. gr., 2. mgr. 24. gr. og 2. mgr. 25. gr., skulu ekki skráðar í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, sbr. þó skráningu gagnavinnslu í samræmi við 34. gr.

6. gr.

#### Aðgangur til að skrá, breyta, eyða og fletta upp í gögnum

1. Eingöngu starfsmenn yfirvalda, sem gefa út vegabréfsáritanir, með tilskilda heimild hafa aðgang að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir til að skrá, breyta eða eyða gögnunum sem um getur í 1. mgr. 5. gr. í samræmi við þessa reglugerð.
2. Uppflettiadgangur að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir hafa eingöngu starfsmenn yfirvalda með tilskilda heimild í hverju aðildarríki, sem eru lögbær að því er varðar 15.–22. gr., og takmarkast hann við þau gögn sem þeir þurfa til að geta sinnt starfi sínu í samræmi við það og í samræmi við þau markmið sem stefnt er að.
3. Sérhvert aðildarríki skal tilnefna lögbær yfirvöld og þá starfsmenn sem hafa tilskilda heimild til að skrá, breyta, eyða eða fletta upp í gögnum í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir. Sérhvert aðildarríki skal án tafar senda framkvæmdastjórninni skrá yfir þessi yfirvöld, þ.m.t. þau sem um getur í 4. mgr. 41. gr., og allar breytingar á henni. Í skránni skal tilgreina í hvaða tilgangi hvert yfirvald hefur heimild til að vinna upplýsingar í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir.

Innan þriggja mánaða frá því að upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir er tekið í notkun, í samræmi við 1. mgr. 48. gr., skal framkvæmdastjórnin birta heildarskrá í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Þegar breytingar eru gerðar á skránni skal framkvæmdastjórnin birta árlega uppfærða heildarskrá.

7. gr.

#### Almennar meginreglur

1. Sérhvert lögbært yfirvald sem er heimill aðgangur að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í samræmi við þessa reglugerð skal tryggja að upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir sé aðeins notað þegar nauðsyn ber til, á viðeigandi hátt og í réttu hlutfalli við verkefni lögbærra yfirvalda.
2. Sérhvert lögbært yfirvald skal sjá til þess að við notkun upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir sé umsækjendum og handhöfum vegabréfsáritunar ekki mismunað á grundvelli kynferðis, kynþáttar eða þjóðernis, trúarbragða eða skoðana, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar og að mannleg reisn og friðhelgi umsækjenda eða handhafa vegabréfsáritunar sé virt í hvívetna.

## II. KAFLI

### SKRÁNING OG NOTKUN GAGNA HJÁ YFIRVÖLDUM SEM GEFA ÚT VEGABRÉFSÁRITANIR

8. gr.

#### Verklagsreglur við skráningu upplýsinga um umsóknina

1. Þegar umsókn telst vera tæk skv. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 810/2009 skal yfirvald, sem gefur út vegabréfsáritanir, tafarlaust stofna skrá vegna umsóknarinnar og skrá upplýsingarnar, sem um getur í 9. gr., inn í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, sé þess krafist að umsækjandi veiti þessar upplýsingar.
2. Þegar umsóknarskráin er stofnuð skal yfirvaldið, sem gefur út vegabréfsáritanir, kanna í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, í samræmi við 15. gr., hvort eitthvert aðildarríkjanna hefur áður skráð inn umsókn frá hlutaðeigandi umsækjanda í kerfið.
3. Hafi áður verið skráð inn umsókn skal yfirvaldið, sem gefur út vegabréfsáritanir, tengja sérhverja nýja umsóknarskrá við fyrri umsóknarskrá þessa umsækjanda.
4. Ferðist umsækjandinn með hópi eða með maka og/eða börnum skal yfirvaldið, sem gefur út vegabréfsáritanir, stofna umsóknarskrá fyrir hvern umsækjanda og tengja saman umsóknarskrár einstaklinganna sem ferðast saman.

5. Sé tiltekinn gagna ekki krafist af lagalegum ástæðum eða sé í raun ekki hægt að láta þau í té skal setja „á ekki við“ í viðkomandi upplýsingareit eða -reiti. Þegar um fingraför er að ræða skal kerfið heimila, að því er varðar í 17. gr., að gera megi greinarmun á tilvikum þar sem töku fingrafara er ekki krafist af lagalegum ástæðum og tilvikum þar sem ekki var í raun hægt að taka fingraför; þessi aðgerð kerfisins fellur út að fjórum árum liðnum nema hún sé staðfest með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar á grundvelli matsins sem um getur í 4. mgr. 50. gr.

9. gr.

#### Upplýsingar sem skal skrá við umsókn

Yfirvald, sem gefur út vegabréfsáritanir, skal færa inn eftirfarandi upplýsingar í umsóknarskrána:

1. númer umsóknar,
2. upplýsingar um stöðu umsóknar þar sem fram kemur að beiðni um vegabréfsáritun hafi verið lögð fram,
3. hjá hvaða yfirvaldi beiðnin var lögð fram, þ.m.t. hvar það er staðsett og hvort það tók við beiðninni fyrir hönd annars aðildarríkis,
4. eftirfarandi upplýsingar sem fengnar eru af umsóknareyðublaði:
  - a) kenninafn, kenninafn við fæðingu (fyrra kenninafn/-nöfn), eiginnafn/-nöfn, fæðingardagur og -ár, fæðingarstaður og -land, kyn,
  - b) núverandi ríkisfang og ríkisfang við fæðingu,
  - c) tegund og númer ferðaskilríkja, hvaða yfirvald gaf þau út, útgáfudag og gildistíma,
  - d) stað og dagsetningu umsóknarinnar,
  - f) upplýsingar um þann sem bauð umsækjanda og/eða ber ábyrgð á að greiða framfærslukostnað hans meðan á dvöl stendur:
    - i. ef um er að ræða einstakling, kenninafn, eiginnafn og heimilisfang hans,
    - ii. ef um er að ræða fyrirtæki eða aðra stofnun, heiti og heimilisfang fyrirtækis/annarrar stofnunar, kenninafn og eiginnafn tengiliðar í því fyrirtæki/stofnun,
  - g) aðildarríki (eitt eða fleiri) sem er ákvörðunarstaður og lengd fyrirhugaðrar dvalar eða gegnumferðar,
  - h) megintilgang ferðar (tilgreina má fleiri en einn),
  - i) fyrirhugaðan komudag til Schengen-svæðisins og brottfarardag frá því,
  - j) aðildarríki sem fyrst er komið til,
  - k) heimilisfang umsækjanda,
  - l) núverandi starf og vinnuveitanda; ef um er að ræða námsmenn: heiti skóla,
  - m) ef um er að ræða ólöggráða börn, kenninafn og eiginnafn (-nöfn) forráðamanns eða lögráðamanns umsækjanda,
5. ljósmynd af umsækjanda í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1683/95,
6. fingraför umsækjanda, í samræmi við viðeigandi ákvæði Sameiginlegu fyrirmælanna um vegabréfsáritanir til sendiráða og ræðisskrifstofa.

10. gr.

#### Viðbótarupplýsingar vegna útgáfu vegabréfsáritunar

1. Þegar ákvörðun hefur verið tekin um að gefa út vegabréfsáritun skal yfirvaldið, sem gefur út vegabréfsáritanir, bæta eftirfarandi upplýsingum við umsóknarskrána:
  - a) upplýsingum um stöðu umsóknar þar sem fram kemur að vegabréfsáritun hafi verið gefin út,
  - b) hvaða yfirvald gaf út vegabréfsáritunina, þ.m.t. hvar það er staðsett og hvort það gaf áritunina út fyrir hönd annars aðildarríkis,
  - c) stað og dagsetningu ákvörðunar um útgáfu vegabréfsáritunar,
  - d) tegund vegabréfsáritunar,
  - e) númeri vegabréfsáritunarmiða,
  - f) yfirráðasvæði sem handhafi vegabréfsáritunar má fara um í samræmi við viðeigandi ákvæði Sameiginlegu fyrirmælanna um vegabréfsáritanir til sendiráða og ræðisskrifstofa,
  - g) upphafs- og lokadagsetningum gildistíma vegabréfsáritunarinnar,
  - h) hve margar komur vegabréfsáritunin heimilar inn á yfirráðasvæðið sem vegabréfsáritunin gildir fyrir,
  - i. lengd dvalar sem vegabréfsáritunin heimilar,
  - j) ef við á, upplýsingum um að vegabréfsáritunin hafi verið gefin út á lausu blaði í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 333/2002 frá 18. febrúar 2002 um fyrirmynd að samræmdu eyðublaði fyrir festingu vegabréfsáritunar sem aðildarríki gefa út til handa einstaklingum með ferðaskilríki sem eru ekki viðurkennd í aðildarríkinu sem gefur út eyðublaðið <sup>(22)</sup>.
  - k) ef við á, upplýsingum um að vegabréfsáritunarmiði hafi verið fylltur út handvirkt,
2. Dragi umsækjandi umsókn sína til baka eða hætti hann að fylgja henni eftir áður en ákvörðun hefur verið tekin um hvort gefa á út vegabréfsáritun skal yfirvaldið, sem gefur út vegabréfsáritun og sem umsókn var lögð fram hjá, tilgreina að umsókninni hafi verið lokað af þessum ástæðum og hvaða dag það var gert.

<sup>(22)</sup> Stjótið. EB L 53, 23.2.2002, bls. 4.

*11. gr.***Viðbótarupplýsingar þegar meðferð umsóknar er hætt**

Hætti yfirvald, sem gefur út vegabréfsáritun og sem veitir öðru aðildarríki fyrirvar, meðferð umsóknar skal það bæta eftirfarandi upplýsingum við umsóknarskrána:

1. upplýsingum um stöðu umsóknar þar sem fram kemur að meðferð umsóknar hafi verið hætt,
2. hvaða yfirvald tók ákvörðun um að hætta meðferð umsóknarinnar, þ.m.t. hvar það er staðsett,
3. stað og dagsetningu ákvörðunar um að hætta meðferð,
4. hvaða aðildarríki er lögbært til að taka umsóknina til meðferðar.

*12. gr.***Viðbótarupplýsingar við synjun um vegabréfsáritun**

1. Þegar ákvörðun hefur verið tekin um að synja um vegabréfsáritun skal yfirvaldið, sem gefur út vegabréfsáritunir og sem synjaði um vegabréfsáritunina, bæta eftirfarandi upplýsingum við umsóknarskrána:

- a) upplýsingum um stöðu umsóknar þar sem fram kemur að synjað hafi verið um vegabréfsáritun og hvort yfirvaldið hafi synjað henni fyrir hönd annars aðildarríkis,
- b) hvaða yfirvald synjaði um vegabréfsáritunina, þ.m.t. hvar það er staðsett,
- c) stað og dagsetningu ákvörðunar um synjun um vegabréfsáritunina.

2. Í umsóknarskránni skal einnig greina frá ástæðu eða ástæðum þess að synjað er um vegabréfsáritun sem skal vera ein eða fleiri af eftirfarandi.

- a) umsækjandi:
  - i. framvísar ferðaskilríkjum sem eru grunnfölsuð, breytifölsuð eða fölsuð á annan hátt,
  - ii. getur ekki fært rök fyrir tilgangi og skilyrðum fyrirhugaðrar dvalar sinnar,
  - iii. færir ekki sönnur á að hann hafi nægt fé sér til framfærslu, bæði meðan á fyrirhugaðri dvöl stendur og til þess að snúa aftur til uppruna- eða búsetulands síns eða til gegnumferðar um þriðja land, sem víst þykir að honum verði hleypt inn í, eða að hann sé í aðstöðu til að útvega sér slíkt fé á lögmætan hátt,
  - iv. hefur þegar dvalið í 90 daga á yfirstandandi 180 daga tímabili á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, á grundvelli samræmdrar vegabréfsáritunar eða vegabréfsáritunar með takmarkað gildissvæði,
  - v. er á skrá í Schengen-upplýsingakerfinu yfir óæskilega einstaklinga sem synja á um komu,
  - vi. er talinn vera ógnun við allsherjarreglu, innra öryggi eða lýðheilsu, eins og skilgreint er í 19. tl. 2. gr. Schengen-landamæraeignanna, eða við alþjóðasamskipti í einhverju aðildarríkjanna, einkum ef hann er á skrá í landsbundnum gagnagrunnum aðildarríkjanna yfir óæskilega einstaklinga sem synja á um komu af þessum ástæðum,
  - vii. leggur ekki fram sönnun fyrir því að hann sé handhafi víðeigandi og gildir ferðasjúkratryggingar, þar sem við á,
- b) upplýsingar, sem umsækjandi veitir þegar hann færir rök fyrir tilgangi og skilyrðum fyrirhugaðrar dvalar sinnar, voru ekki áreiðanlegar,
- c) ekki var unnt að staðfesta ásetning umsækjanda um að fara frá yfirráðasvæði aðildarríkjanna áður en vegabréfsáritunin rennur út,
- d) í röksemdafærslu fyrir því að sækja um vegabréfsáritun á landamærum voru ekki færðar fullnægjandi sönnur á að umsækjandi hefði ekki verið í aðstöðu til að sækja um vegabréfsáritun fyrir fram.

*13. gr.***Viðbótarupplýsingar við ógildingu eða afturköllun vegabréfsáritunar**

1. Þegar ákvörðun hefur verið tekin um að ógilda eða afturkalla vegabréfsáritun skal yfirvaldið, sem gefur út vegabréfsáritunir og sem tók ákvörðunina, bæta eftirfarandi upplýsingum við umsóknarskrána:

- a) upplýsingum um stöðu umsóknar þar sem fram kemur að vegabréfsáritunin hafi verið ógilt eða afturkölluð,
- b) hvaða yfirvald ógilti eða afturkallaði vegabréfsáritunina, þ.m.t. hvar það er staðsett,
- c) stað og dagsetningu ákvörðunarinnar.

2. Í umsóknarskránni skal einnig greina frá ástæðu eða ástæðum fyrir ógildingu eða afturköllun, sem geta verið:

- a) ein eða fleiri þeirra ástæðna sem taldar eru upp í 2. mgr. 12. gr.,
- b) beiðni handhafa vegabréfsáritunar um að afturkalla áritunina.

*14. gr.***Viðbótarupplýsingar við framlengingu vegabréfsáritunar**

1. Þegar ákvörðun hefur verið tekin um að framlengja gildistíma vegabréfsáritunar og/eða lengd dvalartíma útgefinnar vegabréfsáritunar skal yfirvaldið, sem gefur út vegabréfsáritunir og sem framlengdi vegabréfsáritunina, bæta eftirfarandi gögnum við umsóknarskrána:

- a) upplýsingum um stöðu umsóknar þar sem fram kemur að vegabréfsáritunin hafi verið framlengd,
- b) hvaða yfirvald framlengdi vegabréfsáritunina, þ.m.t. hvar það er staðsett,
- c) upplýsingum um stað og dagsetningu ákvörðunarinnar,
- d) númeri vegabréfsáritunarmiða framlengdrar vegabréfsáritunar,
- e) upphafs- og lokadagsetningum framlengds gildistíma,

- f) framlengingartímabili heimilaðrar dvalar,
  - g) yfirráðasvæði sem handhafa vegabréfsáritunar er heimilt að fara um ef gildissvæði framlengdu vegabréfsáritunarinnar er annað en upprunalegu vegabréfsáritunarinnar,
  - h) tegund vegabréfsáritunar sem framlengd er.
2. Í umsóknarskránni skal einnig greina frá ástæðu eða ástæðum fyrir framlengingu vegabréfsáritunarinnar sem geta verið ein eða fleiri eftirfarandi ástæðna:
- a) óviðráðanleg atvik,
  - b) mannúðarástæður,
  - d) alvarlegar persónulegar ástæður.

## 15. gr.

**Notkun upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir við meðferð umsókna**

1. Lögbært yfirvald, sem gefur út vegabréfsáritanir, skal fletta upp í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir við meðferð umsókna og töku ákvarðana sem varða þessar umsóknir, þ.m.t. ákvörðun um hvort á að ógilda, afturkalla eða framlengja gildistíma vegabréfsáritunar í samræmi við ákvæði þar að lútandi.
2. Í þeim tilgangi sem um getur í 1. mgr. skal lögbæru yfirvaldi, sem gefur út vegabréfsáritanir, veittur aðgangur til leitar á grundvelli eftirfarandi atriða, eins eða fleiri:
  - a) númer umsóknar,
  - b) upplýsinganna sem um getur í a-lið 4. mgr. 9. gr.,
  - c) upplýsinga um ferðaskilríki sem um getur í c-lið 4. mgr. 9. gr.,
  - d) kenninafns, eiginnafns og heimilisfangs einstaklingsins eða heitis og heimilisfangs fyrirtækis/annarrar stofnunar sem um getur í f-lið 4. mgr. 9. gr.,
  - e) fingrafara,
  - f) númers vegabréfsáritunarmiða og útgáfudags allra fyrri vegabréfsáritana.
3. Leiði leit, á grundvelli eins eða fleiri atriða sem nefnd eru í 2. mgr., í ljós að gögn um umsækjandann sé að finna í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir skal lögbæru yfirvaldi, sem gefur út vegabréfsáritanir, veittur aðgangur að umsóknarskránni eða skránum og tengdum umsóknarskrám, í samræmi við 3. og 4. mgr. 8. gr., þó einungis í þeim tilgangi sem um getur í 1. mgr.

## 16. gr.

**Notkun upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir til samráðs og til að biðja um skjöl**

1. Þegar miðlæg yfirvöld, sem gefa út vegabréfsáritanir, hafa með sér samráð varðandi umsóknir, í samræmi við 2. mgr. 17. gr. Schengen-samningsins skal senda beiðni um samráð og svör við henni í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar.
  2. Aðildarríki, sem ber ábyrgð á meðferð umsókna, skal senda beiðni um samráð ásamt umsóknarnúmeri til upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir og tilgreina aðildarríkið eða aðildarríkin sem beiðninni er beint til.
- Upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir skal senda beiðnina til viðkomandi aðildarríkis eða -ríkja.
- Aðildarríkið eða -ríkin, sem samráðsbeiðninni er beint til, skulu senda svar sitt til upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir sem áframsendir svarið til aðildarríkisins sem lagði fram beiðnina.
3. Einnig er heimilt að beita málsmeðferðinni, sem sett er fram í 2. mgr., þegar sendar eru upplýsingar um útgáfu vegabréfsáritunar með takmarkað gildissvæði og önnur skilaboð sem tengjast ræðissamstarfi, sem og þegar sendar eru beiðnir til lögbærs yfirvalds, sem gefur út vegabréfsáritanir, um að framsenda afrit af ferðaskilríkjum og öðrum fylgiskjölum með umsókn og senda rafræn afrit af þessum skjölum. Lögbær yfirvöld, sem gefa út vegabréfsáritanir, skulu bregðast við beiðninni án tafar.
  4. Persónuupplýsingar, sem sendar eru samkvæmt þessari grein, skulu eingöngu notaðar í tengslum við samráð miðlægra yfirvalda sem gefa út vegabréfsáritanir og ræðissamstarf.

## 17. gr.

**Notkun gagna vegna skýrslugjafar og hagskýrslugerðar**

Lögbær yfirvöld, sem gefa út vegabréfsáritanir, skulu hafa aðgang til að fletta upp eftirfarandi upplýsingum, þó einungis vegna skýrslugjafar og hagskýrslugerðar, án þess að hægt sé að bera kennsl á einstaka umsækjendur:

1. upplýsingum um stöðu,
2. hvaða yfirvald er lögbært að gefa út vegabréfsáritanir, þ.m.t. hvar það er staðsett,
3. núverandi ríkisfangi umsækjandans,
4. aðildarríki sem fyrst er komið til,
5. umsóknardegi og -stað eða dagsetningu og stað ákvörðunar um vegabréfsáritun,
6. tegund vegabréfsáritunar sem gefin er út,
7. tegund ferðaskilríkja,
8. ástæðum sem gefnar voru fyrir hvers kyns ákvörðun um vegabréfsáritun eða umsókn um vegabréfsáritun,
9. hvaða lögbæra yfirvald, sem gefur út vegabréfsáritanir, synjaði umsókninni um vegabréfsáritun, þ.m.t. hvar það er staðsett og dagsetningu synjunar,
10. í þeim tilvikum þegar sami umsækjandi sækir um vegabréfsáritun hjá fleiri en einu yfirvaldi, sem gefur út vegabréfsáritanir, heiti þessara yfirvalda sem gefa út vegabréfsáritanir, hvar þau eru staðsett og dagsetningum synjunar,
11. megintilgangi ferðar (tilgreina má fleiri en einn),

12. upplýsingum um tilvik þar sem ekki var í raun hægt að láta í té gögnin sem um getur í 6. mgr. 9. gr. í samræmi við annan málslið 5. mgr. 8. gr.,
13. upplýsingum um tilvik þar sem gagnanna, sem um getur í 6. mgr. 9. gr., var ekki krafist af lagalegum ástæðum í samræmi við annan málslið 5. mgr. 8. gr.,
14. upplýsingum um tilvik þar sem einstaklingi, sem gat í raun ekki látið í té gögnin sem um getur í 6. mgr. 9. gr., var synjað um vegabréfsáritun í samræmi við annan málslið 5. mgr. 8. gr.

### III. KAFLI

#### AÐGANGUR ANNARRA YFIRVALDA AÐ UPPLÝSINGUM

18. gr.

##### Aðgangur að upplýsingum til sannprófunar á ytri landamærostöðvum

1. Yfirvöld, sem eru til þess bær að annast eftirlit á ytri landamærastöðvum í samræmi við Schengen-landamæreglurnar, skulu hafa aðgang til leitar á grundvelli númers vegabréfsáritunarmiða með tengingu við sannprófun á fingraförum handhafa vegabréfsáritunarinnar, í þeim tilgangi einum að sannreyna hvort handhafi vegabréfsáritunar sé sá sem hann segist vera og/eða hvort vegabréfsáritun sé ósvikin og/eða hvort skilyrði fyrir komu inn á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, í samræmi við 5. gr. Schengen-landamæreglnanna, séu uppfyllt, sbr. þó 2. og 3. mgr.
2. Í þrjú ár að hámarki eftir að upplýsingakerfið um vegabréfsáritun hefur verið tekið í notkun er einungis heimilt að leita á grundvelli númers vegabréfsáritunarmiða. Að einu ári liðnu frá því að kerfið er tekið í notkun er heimilt að stytta þriggja ára tímabilið ef um er að ræða landamærastöðvar á flugvöllum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 49. gr.
3. Ef ekki er hægt að nota fingraför við leit í tengslum við handhafa vegabréfsáritunar skal eingöngu leita á grundvelli númers vegabréfsáritunarmiðans.
4. Leiði leit á grundvelli upplýsinganna, sem nefndar eru í 1. mgr., í ljós að gögn um handhafa vegabréfsáritunar sé að finna í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir skal lögbæru yfirvaldi landamærastjórnar veittur aðgangur til að fletta upp í kerfinu á grundvelli eftirfarandi upplýsinga í umsóknarskránni og tengdum umsóknarskrám í samræmi við 4. mgr. 8. gr., þó einungis í þeim tilgangi sem um getur í 1. mgr.:
  - a) upplýsinga um stöðu umsóknar og upplýsinga sem fengnar eru af umsóknareyðublaðinu sem um getur í 2. og 4. mgr. 9. gr.,
  - b) ljósmynda,
  - c) upplýsinga sem færðar hafa verið inn í tengslum við vegabréfsáritun eða -áritanir sem gefnar hafa verið út, ógiltar eða afturkallaðar eða sem gildistími hefur verið framlengdur á, sem um getur í 10., 13. og 14. gr.
5. Takist ekki að sannreyna að handhafi vegabréfsáritunar sé sá sem hann segist vera eða að vegabréfsáritun sé ósvikin eða leiki vafi á því hver handhafi vegabréfs er og hvort vegabréfsáritun hans og/eða ferðaskilríki séu ósvikin skulu starfsmenn þessara lögbæru yfirvalda, sem til þess hafa tilskilda heimild, hafa aðgang að gögnum í samræmi við 1. og 2. mgr. 20. gr.

19. gr.

##### Aðgangur að upplýsingum til sannprófunar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna

1. Yfirvöld, sem eru til þess bær að annast eftirlit á yfirráðasvæði aðildarríkjanna með því hvort skilyrði fyrir komu til eða dvöl eða búsetu á yfirráðasvæði aðildarríkjanna séu uppfyllt, skulu hafa aðgang til leitar á grundvelli númers vegabréfsáritunarmiða með tengingu við sannprófun á fingraförum handhafa vegabréfsáritunarinnar eða á grundvelli númers vegabréfsáritunarmiða, í þeim tilgangi einum að sannreyna hvort handhafi vegabréfsáritunar sé sá sem hann segist vera og/eða hvort vegabréfsáritun sé ósvikin og/eða hvort skilyrði fyrir komu til eða dvöl eða búsetu á yfirráðasvæði aðildarríkis séu uppfyllt. Ef ekki er hægt að nota fingraför við leit í tengslum við handhafa vegabréfsáritunar skal eingöngu leita á grundvelli númers vegabréfsáritunarmiðans.
2. Leiði leit á grundvelli upplýsinganna, sem nefndar eru í 1. mgr., í ljós að gögn um handhafa vegabréfsáritunar sé að finna í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir skal lögbæru yfirvaldi veittur aðgangur til að fletta upp í kerfinu á grundvelli eftirfarandi upplýsinga í umsóknarskránni og tengdum umsóknarskrám, í samræmi við 4. mgr. 8. gr., þó einungis í þeim tilgangi sem um getur í 1. mgr.:
  - a) upplýsinga um stöðu umsóknar og upplýsinga sem fengnar eru af umsóknareyðublaðinu sem um getur í 2. og 4. mgr. 9. gr.,
  - b) ljósmynda,
  - c) upplýsinga sem færðar hafa verið inn í tengslum við vegabréfsáritun eða áritanir sem gefnar hafa verið út, ógiltar, afturkallaðar eða sem gildistími hefur verið framlengdur á, sem um getur í 10., 13. og 14. gr.
3. Takist ekki að sannreyna að handhafi vegabréfsáritunar sé sá sem hann segist vera eða að vegabréfsáritun hans sé ósvikin eða leiki vafi á því hver handhafi vegabréfs er og hvort vegabréfsáritun hans og/eða ferðaskilríki séu ósvikin skulu starfsmenn lögbærra yfirvalda, sem til þess hafa tilskilda heimild, hafa aðgang að gögnum í samræmi við 1. og 2. mgr. 20. gr.

20. gr.

##### Aðgangur að upplýsingum til kennslagreiðingar

1. Yfirvöld, sem eru til þess bær að annast eftirlit á ytri landamærastöðvum í samræmi við Schengen-landamæreglurnar eða eftirlit á yfirráðasvæði aðildarríkjanna með því hvort skilyrði fyrir komu til eða dvöl eða búsetu á yfirráðasvæði aðildarríkis séu

uppfyllt, skulu hafa aðgang til leitar á grundvelli fingrafara, í þeim tilgangi einum að bera kennsl á einstakling sem fullnægir ekki eða fullnægir ekki lengur skilyrðum fyrir komu til eða dvöl eða búsetu á yfirráðasvæði aðildarríkisins.

Ef ekki er hægt að nota fingraför þessa einstaklings við leit eða leit á grundvelli fingrafara ber ekki árangur skal leitað á grundvelli upplýsinganna sem um getur í a- og/eða c-lið 4. mgr. 9. gr.; þessa leit er heimilt að framkvæma með tengingu við upplýsingarnar sem um getur í b-lið 4. mgr. 9. gr.

2. Leiði leit á grundvelli upplýsinganna, sem nefndar eru í 1. mgr., í ljós að gögn um umsækjandann sé að finna í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir skal lögbæru yfirvaldi veittur aðgangur til að fletta upp í kerfinu á grundvelli eftirfarandi upplýsinga í umsóknarskránni og tengdum umsóknarskrám, í samræmi við 3. og 4. mgr. 8. gr., þó einungis í þeim tilgangi sem um getur í 1. mgr.:

- a) umsóknarnúmers, upplýsinga um stöðu umsóknar og yfirvalds sem umsókn var lögð fram hjá,
- b) upplýsinga sem fengnar eru af umsóknareyðublaðinu og um getur í 4. mgr. 9. gr.,
- c) ljósmynda,
- d) upplýsinga sem færðar hafa verið inn í tengslum við hvers konar vegabréfsáritanir sem gefnar hafa verið út, synjað um, ógiltar eða afturkallaðar eða sem gildistími hefur verið framlengdur á eða í tengslum við umsóknir þar sem meðferð hefur verið hætt, sbr. 10.–14. gr.

3. Ef einstaklingurinn er handhafi vegabréfsáritunar skulu lögbær yfirvöld byrja á að leita í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í samræmi við 18. eða 19. gr.

#### 21. gr.

##### Aðgangur að upplýsingum til að taka ákvörðun um hver beri ábyrgð á meðferð umsókna um alþjóðlega vernd

1. Lögbær yfirvöld verndarmála skulu hafa aðgang til leitar í kerfinu á grundvelli fingrafara umsækjanda um alþjóðlega vernd, í þeim tilgangi einum að ákvarða hvaða aðildarríki ber ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd skv. 9. og 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 343/2003.

Ef ekki er hægt að nota fingraför umsækjanda um alþjóðlega vernd við leit eða leit á grundvelli fingrafara ber ekki árangur skal leitað á grundvelli upplýsinganna sem um getur í a- og/eða c-lið 4. mgr. 9. gr.; þessa leit er heimilt að framkvæma með tengingu við upplýsingarnar sem um getur í b-lið 4. mgr. 9. gr.

2. Leiði leit á grundvelli upplýsinganna, sem nefndar eru í 1. mgr., í ljós að útgefin vegabréfsáritun með gildistíma sem rennur út innan við sex mánuðum fyrir dagsetningu umsóknarinnar um alþjóðlega vernd og/eða vegabréfsáritun, sem hefur verið framlengd þannig að lok gildistíma séu innan við sex mánuðum fyrir dagsetningu umsóknarinnar um alþjóðlega vernd, sé skráð í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, skal lögbæru yfirvaldi verndarmála veittur aðgangur til að fletta upp í kerfinu á grundvelli eftirfarandi upplýsinga í umsóknarskránni og, að því er varðar gögnin í g-lið, á grundvelli upplýsinga um maka og börn, í samræmi við 4. mgr. 8. gr., þó einungis í þeim tilgangi sem um getur í 1. mgr.:

- a) umsóknarnúmers og yfirvaldsins sem gaf út eða framlengdi vegabréfsáritunina og þess hvort yfirvaldið gaf áritunina út fyrir hönd annars aðildarríkis,
- b) upplýsinga sem fengnar eru af umsóknareyðublaðinu og um getur í a- og b-lið 4. mgr. 9. gr.,
- c) tegundar vegabréfsáritunar,
- d) gildistíma vegabréfsáritunarinnar,
- e) lengdar fyrirhugaðrar dvalar,
- f) ljósmynda,
- g) upplýsinga, sem um getur í a- og b-lið 4. mgr. 9. gr., í tengdri umsóknarskrá eða -skrá fyrir maka og börn.

3. Einungis tilnefndu innlendu yfirvöldin, sem um getur í 6. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 343/2003, geta flett upp í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í samræmi við 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

#### 22. gr.

##### Aðgangur að upplýsingum vegna meðferðar á umsókn um alþjóðlega vernd

1. Lögbær yfirvöld verndarmála skulu hafa aðgang til leitar á grundvelli fingrafara umsækjanda um alþjóðlega vernd einungis vegna meðferðar á umsókn um alþjóðlega vernd í samræmi við 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 343/2003.

Ef ekki er hægt að nota fingraför umsækjanda um alþjóðlega vernd við leit eða leit á grundvelli fingrafara ber ekki árangur skal leitað á grundvelli upplýsinganna sem um getur í a- og/eða c-lið 4. mgr. 9. gr.; þessa leit er heimilt að framkvæma með tengingu við upplýsingarnar sem um getur í b-lið 4. mgr. 9. gr.

2. Leiði leit á grundvelli upplýsinganna, sem nefndar eru í 1. mgr., í ljós að útgefin vegabréfsáritun sé skráð í upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir skal lögbæru yfirvaldi verndarmála veittur aðgangur til að fletta upp í kerfinu á grundvelli eftirfarandi upplýsinga í umsóknarskránni og tengdum umsóknarskrám er varða umsækjandann, í samræmi við 3. mgr. 8. gr., og, að því er varðar gögnin í e-lið, á grundvelli upplýsinga um maka og börn, í samræmi við 4. mgr. 8. gr., þó einungis í þeim tilgangi sem um getur í 1. mgr.:

- a) umsóknarnúmers,
- b) upplýsinga sem fengnar eru af umsóknareyðublaðinu og um getur í a- og c-lið 4. mgr. 9. gr.,
- c) ljósmynda,
- d) upplýsinga sem færðar hafa verið inn í tengslum við hvers konar vegabréfsáritanir sem gefnar hafa verið út, ógiltar, afturkallaðar eða sem gildistími hefur verið framlengdur á, sem um getur í 10., 13. og 14. gr.



- e) upplýsinga, sem um getur í a- og b-lið 4. mgr. 9. gr., í tengdri umsóknarskrá eða -skráum fyrir maka og börn.
3. Einungis tilnefndu innlendu yfirvöldin, sem um getur í 6. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 343/2003, geta flett upp í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í samræmi við 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

#### IV. KAFLI

### VARÐVEISLA UPPLÝSINGA OG BREYTINGAR Á ÞEIM

#### 23. gr.

#### Varðveislutími upplýsinga

1. Hver umsóknarskrá skal geymd í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í fimm ár að hámarki, sbr. þó eyðingu gagna sem um getur í 24. og 25. gr. og skráahald sem um getur í 34. gr.

Tímabilið hefst:

- á þeim degi er vegabréfsáritunin rennur út, hafi vegabréfsáritun verið gefin út,
  - á þeim degi þegar framlengdur gildistími vegabréfsáritunarinnar rennur út, hafi vegabréfsáritun verið framlengd,
  - á þeim degi þegar umsóknarskrá er stofnuð í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, hafi umsókn verið afturkölluð, henni lokað eða meðferð hennar hætt,
  - á þeim degi þegar yfirvaldið, sem gefur út vegabréfsáritanir, tók ákvörðunina, hafi verið sýnjað um vegabréfsáritun, hún ógilt eða hún afturkölluð.
2. Þegar tímabilið, sem um getur í 1. mgr., rennur út skal upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir sjálfkrafa eyða umsóknarskránni og tengingum við hana sem um getur í 3. og 4. mgr. 8. gr.

#### 24. gr.

#### Breytingar á gögnum

- Eingöngu aðildarríkið, sem ber ábyrgð, hefur rétt til að breyta gögnum sem það hefur sent til upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir með því að leiðrétta þau eða eyða þeim.
- Hafi aðildarríki sannanir, sem benda til þess að gögn sem eru unnin í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir séu röng eða að vinnsla þeirra í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir brjóti í bága við þessa reglugerð, skulu þau tafarlaust tilkynna það aðildarríkinu sem ber ábyrgð. Slíka tilkynningu er heimilt að senda um grunnvirki upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir.
- Aðildarríkið, sem ber ábyrgð, skal skoða umrædd gögn og, ef nauðsyn krefur, leiðrétta þau eða eyða þeim þegar í stað.

#### 25. gr.

#### Gögnum eytt fyrir tímann

- Hafi umsækjandi öðlast ríkisfang í aðildarríki áður en tímabilið, sem um getur í 1. mgr. 23. gr., rennur út skal aðildarríkið, sem stofnaði viðkomandi umsóknarskrá eða -skrár og tengingar varðandi hann, sem um getur í 3. og 4. mgr. 8. gr., tafarlaust eyða þeim úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir.
- Sérhvert aðildarríki, sem veitt hefur umsækjanda ríkisfang, skal tafarlaust tilkynna það aðildarríkinu eða -ríkjunum sem bera ábyrgð. Slíka tilkynningu er heimilt að senda um grunnvirki upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir.
- Hafi dómstóll eða aðili, sem kæru hefur verið skotið til, ógilt sýnjun um vegabréfsáritun skal aðildarríkið sem sýnjaði um vegabréfsáritunina eyða gögnunum, sem um getur í 12. gr., tafarlaust eftir að ákvörðunin um að ógilda sýnjunina um vegabréfsáritun verður endanleg.

#### V. KAFLI

### STARFSEMI OG ÁBYRGÐ

#### 26. gr.

#### Rekstrarstjórn

- Að loknu aðlögunartímabili skal rekstraryfirvald (rekstraryfirvaldið), sem fjármagnað er af fjárlögum Evrópusambandsins, bera ábyrgð á rekstrarstjórn miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir og landsbundnu skilflatanna. Rekstraryfirvaldið skal sjá til þess, í samstarfi við aðildarríkin, að besta fánlega tækni sé ávallt notuð fyrir miðlæga upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir og landsbundnu skilfletina, með fyrirvara um kostnaðar- og ábatagreiningu.
- Rekstraryfirvaldið skal einnig bera ábyrgð á eftirfarandi verkefnum sem tengjast grunnvirkinu fyrir samskipti milli miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir og landsbundnu skilflatanna:
  - eftirliti,
  - öryggi,
  - samræmingu á samskiptum milli aðildarríkjanna og veitandans.
- Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á öllum öðrum verkefnum sem tengjast grunnvirkinu fyrir samskipti milli miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir og landsbundnu skilflatanna, einkum:
  - verkefnum sem varða framkvæmd fjárhagsáætlunar,
  - kaupum og endurnýjun,
  - samningamálum.

4. Á aðlögunartímabilinu þar til rekstraryfirvaldið hefur starfsemi sína skal framkvæmdastjórnin bera ábyrgð á rekstrarstjórn upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir. Í samræmi við reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna <sup>(23)</sup>, er framkvæmdastjórninni heimilt að fela þetta verkefni og verkefni sem varða framkvæmd fjárhagsáætlunar innlendum opinberum stofnunum í tveimur mismunandi aðildarríkjum.
5. Sérhver hinna innlendu opinberu stofnana, sem um getur í 4. mgr., verður að uppfylla eftirfarandi valviðmiðanir:
- hún verður að sýna fram á að hún búi yfir viðtækri reynslu af rekstri umfangsmikilla upplýsingakerfa,
  - hún verður að búa yfir verulegri sérfræðipækkingu á sviði krafna um þjónustu umfangsmikilla upplýsingakerfa og öryggiskrafna varðandi þau,
  - hún verður að hafa yfir að ráða nægu reyndu starfsfólki með viðeigandi sérfræðipækkingu og tungumálakunnáttu til að starfa í alþjóðlegu samstarfsumhverfi, eins og gerð er krafa um vegna upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir,
  - hún verður að búa yfir öruggu grunnvirki sem sniðið er að þörfum hennar og getur, m.a., tekið yfir starfsemi stórra upplýsingatæknikerfa og tryggt samfellda starfsemi þeirra og,
  - stjórnsýslurámi hennar verður að gera henni kleift að sinna verkefnum sínum á skilvirkan hátt og komast hjá hvers kyns hagsmunaaðrekstrum.
6. Áður en framkvæmdastjórnin felur öðrum verkefni, eins og um getur í 4. mgr., og með reglulegu millibili þaðan í frá skal hún tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um skilmálana fyrir slíkri úthlutun, nákvæmt umfang hennar og stofnanimar sem fá verkefnum úthlutað.
7. Ef framkvæmdastjórnin felur öðrum verkefni sem eru á hennar ábyrgð meðan á aðlögunartímabilinu stendur, skv. 4. mgr., skal hún tryggja að slík úthlutun sé að fullu innan þeirra marka sem sett eru samkvæmt stofnakerfinu sem mælt er fyrir um í sáttmálanum. Hún skal einkum tryggja að úthlutunin brjóti ekki gegn virkri tilhögun eftirlits samkvæmt lögjöf Bandalagsins, hvort heldur er á vegum Dómstólsins, endurskoðunarrettarins eða Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar.
8. Rekstrarstjórn upplýsingakerfisins um verðbréfaáritanir skal taka til allra nauðsynlegra verkefna til þess að halda kerfinu starfandi allan sólarhringinn, alla daga vikunnar í samræmi við þessa reglugerð, einkum þeirrar viðhaldsvinnu og tæknipróunar sem nauðsynleg er til að tryggja að starfsemi kerfisins sé á viðunandi gæðastigi, einkum að því er varðar þann tíma sem það tekur ræðisstofnanir að leita í miðlæga gagnasafninu sem skal vera eins stuttur og framast er kostur.
9. Með fyrirvara um 17. gr. í starfsmannareglum embættismanna Evrópubandalaganna, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EBE, KBE, KSE) nr. 259/68 <sup>(24)</sup>, skal rekstraryfirvaldið láta viðeigandi reglur um þagnarskyldu eða aðrar sambærilega trúnaðarskyldu gilda um allt starfsfólk sitt sem vinnur með gögn úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir. Þessi kvöð gildir áfram eftir að þessir einstaklingar láta af embætti eða hætta störfum eða eftir að skyldustörfum þeirra lýkur.

27. gr.

#### Staðsetning miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir

Aðalmiðstöð miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, þar sem tæknilegt eftirlit og stjórnsýsla fer fram, skal vera staðsett í Strassborg (í Frakklandi) og varaupplýsingakerfi um vegabréfsáritanir, sem er fært um að tryggja áframhaldandi starfsemi aðalmiðstöðvarinnar ef kerfið bilar, skal vera staðsett í Sankt Johann im Pongau (í Austurríki).

28. gr.

#### Tenging við landsbundin kerfi

- Upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir skal tengt landsbundnu kerfi hvers aðildarríkis um landsbundinn skilflöt í viðkomandi aðildarríki.
- Sérhvert aðildarríki skal tilnefna innlent yfirvald, sem sér um að veita lögbæru yfirvöldunum, sem um getur í 1. og 2. mgr. 6. gr., aðgang að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, og tengja þetta innlenda yfirvald við landsbundna skilflötinn.
- Aðildarríkin skulu beita sjálfvirkum aðferðum við vinnslu gagna.
- Sérhvert aðildarríki skal bera ábyrgð á:
  - þróun landsbundna kerfisins og/eða aðlögun þess að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í samræmi við 2. mgr. 2. gr. ákvörðunar 2004/512/EB,
  - skipulagningu, stjórnun, starfsemi og viðhaldi á landsbundnu kerfi sínu,
  - aðgangsstjórn og fyrirkomulagi á aðgangi starfsfólks lögbærra innlendra yfirvalda, sem hafa til þess tilskilda heimild að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í samræmi við þessa reglugerð og á að útbúa og uppfæra reglulega skrá yfir slíkt starfsfólk og lýsingar á því,
  - þeim kostnaði sem til fellur vegna landsbundna kerfisins og kostnaði við tengingu þess við landsbundna skilflötinn, þ.m.t. fjárfestingar- og rekstrarkostnaði við samskiptagrunnvirkið milli landsbundna skilflatarins og landsbundna kerfisins.
- Starfsfólk þeirra yfirvalda sem hafa rétt til aðgangs að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir skal fá viðeigandi þjálfun að því er varðar reglur um gagnaöryggi og gagnavernd áður en það fær heimild til vinnslu gagna sem eru geymd í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, auk þess sem það skal upplýst um refsiverða verknaði og viðurlög við þeim.

<sup>(23)</sup> Stjtið. ESB L 248, 16.9.2002, bls. 1. Reglugerðin eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1525/2007 (Stjtið. ESB L 343, 27.12.2007, bls. 9).

<sup>(24)</sup> Stjtið. ESB L 56, 4.3.1968, bls. 1. Reglugerðin eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB, KBE) nr. 337/2007 (Stjtið. ESB L 90, 30.3.2007, bls. 1).

## 29. gr.

**Ábyrgð á notkun gagna**

- Sérhvert aðildarríki skal sjá til þess að gögn séu unnin með lögmætum hætti og einkum að eingöngu starfsmenn með tilskilda heimild hafi aðgang að gögnum sem eru unnin í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir til að geta sinnt starfi sínu í samræmi við þessa reglugerð. Aðildarríkið sem ber ábyrgð skal einkum sjá til þess:
  - að gögnum sé safnað með lögmætum hætti,
  - að gögnin séu send með lögmætum hætti til upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir,
  - að gögnin séu rétt og uppfærð þegar þau eru send til upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir.
- Rekstraryfirvaldið skal sjá til þess að upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir sé starfrækt í samræmi við þessa reglugerð og reglurnar um framkvæmd hennar sem um getur í 2. mgr. 45. gr. Rekstraryfirvaldið skal einkum:
  - gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir og samskipta-grunnvirkisins milli miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir og landsbundnu skilflatanna, með fyrirvara um ábyrgð sérhvers aðildarríkis,
  - sjá til þess að eingöngu starfsfólk með tilskilda heimild hafi aðgang að gögnum sem unnin eru í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir til að rekstraryfirvaldið geti sinnt starfi sínu í samræmi við þessa reglugerð.
- Rekstraryfirvaldið skal tilkynna Evrópuþinginu, ráðinu og framkvæmdastjórninni um þær ráðstafanir sem hún gerir í samræmi við 2. mgr.

## 30. gr.

**Geymsla gagna úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í landskrám**

- Aðeins er heimilt að geyma gögn sem sótt hafa verið í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir í landskrám þegar það er nauðsynlegt í einstaka málum, í samræmi við markmið upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir og í samræmi við viðeigandi lagaákvæði, þ.m.t. þau er varða gagnavernd, og ekki lengur en nauðsynlegt er í hverju máli fyrir sig.
- Ákvæði 1. mgr. skulu ekki hafa áhrif á rétt aðildarríkis til að geyma í landskrám sínum gögn sem aðildarríkið hafði fært inn í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir.
- Öll notkun gagna, sem samrýmist ekki 1. og 2. mgr., skal teljast vera misnotkun samkvæmt landslögum hvers aðildarríkis.

## 31. gr.

**Gögn send þriðju löndum eða alþjóðastofnunum**

- Gögn, sem eru unnin í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir samkvæmt þessari reglugerð, má ekki afhenda eða gera aðgengileg þriðja landi eða alþjóðastofnun.
- Þrátt fyrir 1. mgr. má afhenda gögnin, sem um getur í a-, b-, c-, k- og m-lið í 4. mgr. 9. gr., eða gera þau aðgengileg þriðja landi eða alþjóðastofnun, sem talin eru upp í viðaukanum, ef nauðsyn ber til í einstökum tilvikum til að færa sönnur á hver ríkisborgari þriðja lands er, m.a. í því skyni að senda þá til baka, en því aðeins að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:
  - að framkvæmdastjórnin hafi samþykkt ákvörðun um að nægileg vernd persónuupplýsinga sé fyrir hendi í viðkomandi þriðja landi, í samræmi við 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB, að í gildi sé samningur um endurvíðtöku milli Bandalagsins og viðkomandi þriðja lands eða að ákvæði d-liðar 1. mgr. 26. gr. tilskipunar 95/46/EB gildi,
  - að viðkomandi þriðja land eða alþjóðastofnun samþykki að nota gögnin einungis í þeim tilgangi sem þau voru látin í té,
  - að gögnin séu afhent eða gerð aðgengileg í samræmi við viðeigandi ákvæði laga Bandalagsins, einkum ákvæði samninga um endurvíðtöku og landslaga aðildarríkisins sem afhenti gögnin eða gerði þau aðgengileg, þ.m.t. lagaákvæði sem varða gagnaöryggi og gagnavernd, og
  - að aðildarríkið eða -ríkin, sem færðu gögnin inn í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanirnar, hafi veitt samþykki sitt.
- Slík afhending á persónuupplýsingum til þriðju landa eða alþjóðastofnana skal ekki hafa áhrif á réttindi flóttamanna og þeirra sem fara fram á alþjóðlega vernd, einkum réttindi til að vera ekki vísað brott þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu.

## 32. gr.

**Gagnaöryggi**

- Aðildarríkið sem ber ábyrgð skal tryggja öryggi gagnanna áður en þau eru send og meðan á sendingu þeirra stendur til landsbundna skilflatarins. Sérvert aðildarríki skal tryggja öryggi gagna sem það fær úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir.
- Sérhvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir í tengslum við landsbundið kerfi sitt, þ.m.t. öryggisáætlun, í því skyni:
  - að vernda búnað sem gögn eru geymd á, m.a. með gerð viðbragðsáætlana til verndar mikilvægum grunnvirkjum,
  - að neita þeim sem hafa ekki til þess heimild um aðgang að innlendum mannvirkjum þar sem starfsemi aðildarríkisins í samræmi við markmið upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir fer fram (eftirlit við inngang að mannvirkjum),
  - að koma í veg fyrir að þeir sem ekki hafa til þess heimild geti lesið eða afritað af gagnamiðlum, breytt þeim eða eytt (eftirlit með gagnamiðlum),
  - að koma í veg fyrir að hægt sé, án heimildar, að færa inn, skoða, breyta eða eyða skráðum persónuupplýsingum (eftirlit með geymslu gagna),

- e) að koma í veg fyrir að hægt sé án heimildar að vinna gögn í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir og að hægt sé að breyta eða eyða án heimildar gögnum sem eru unnin í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (eftirlit með færslu upplýsinga),
  - f) að tryggja, með notkun persónubundinna og einræðra notandakenna (e. individual and unique user identities) og leynilegs aðgangshams (e. confidential access modes) að þeir, sem er heimill aðgangur að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, hafi aðeins aðgang að gögnum sem falla undir aðgangsheimild þeirra (eftirlit með aðgangi að gögnum),
  - g) að tryggja að öll yfirvöld, sem hafa rétt til aðgangs að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, útbúi lýsingar á hlutverki og skyldum einstaklinga, sem hafa heimild til aðgangs að gögnum og til að færa inn, uppfæra, eyða og leita í gögnum, og gera þessar lýsingar þegar í stað aðgengilegar þeim eftirlitsyfirvöldum, í hverju landi fyrir sig, sem um getur í 41. gr., að beiðni þeirra (starfsmannalýsingar),
  - h) að tryggja að hægt sé að sannprófa og fastsetja til hvaða aðila má senda persónuupplýsingar með gagnasamskiptabúnaði (eftirlit með samskiptum),
  - i) að tryggja að hægt sé að sannprófa og staðfesta hvaða gögn hafi verið unnin í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, hvenær, af hverjum og í hvaða tilgangi (eftirlit með gagnaskráningu),
  - j) að hindra, einkum með viðeigandi dulkóðunaraðferðum, að hægt sé án heimildar að lesa, afrita, breyta eða eyða persónuupplýsingum meðan verið er að senda þær til eða úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir eða við flutning gagnamiðla (eftirlit með flutningi),
  - k) að hafa eftirlit með skilvirkni öryggisráðstafananna sem um getur í þessari grein og gera nauðsynlegar skipulagsráðstafanir í tengslum við innra eftirlit til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar (eigin úttekt).
3. Rekstraryfirvaldið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ná þeim markmiðum sem eru sett fram í 2. mgr. að því er varðar rekstur upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, þ.m.t. samþykkt öryggisáætlunar.

33. gr.

#### Bótaábyrgð

1. Sérhver maður eða aðildarríki, sem hefur beið tón af völdum ólögmeðrar vinnslu eða annars verknáðar sem er í andstöðu við þessa ákvæðun, skal eiga rétt á að fá skaðabætur frá aðildarríkinu sem ber ábyrgð á tjóninu. Aðildarríkið skal undanþegið bótaábyrgð, að fullu eða að hluta, ef það getur fært sönnur á að það beri ekki ábyrgð á atburðinum sem olli tjóninu.
2. Ef aðildarríki stendur ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt þessari reglugerð og það veldur tjóni á upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir skal það aðildarríki bera ábyrgð á því tjóni, nema rekstraryfirvaldið eða annað aðildarríki hafi, og að því marki sem þau hafa, vanrækt að gera þær ráðstafanir sem sanngjarnt er að ætlast til að þau hafi gert til að koma í veg fyrir tjónið eða takmarka afleiðingar þess.
3. Með bótakröfuv á hendur aðildarríki vegna tjóns, sem um getur í 1. og 2. mgr., skal fara samkvæmt ákvæðum landslaga aðildarríkisins sem er varnaraðili.

34. gr.

#### Skráahald

1. Sérhvert aðildarríki og rekstraryfirvaldið skulu halda skrár um alla gagnavinnslu í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir. Í þessum skráum skal koma fram hver tilgangurinn með aðganginum, sem um getur í 1. mgr. 6. gr. og 15.-22. gr., er, dagsetning og tímasetning, tegund gagna sem send voru, eins og um getur í 9.-14. gr., hvaða gögn voru notuð við leitina, eins og um getur í 15. gr. (2. mgr.), 17. gr., 18. gr. (1.-3. mgr.), 19. gr. (1. mgr.), 20. gr. (1. mgr.), 21. gr. (1. mgr.) og 22. gr. (1. mgr.) og nafn þess yfirvalds sem færir inn gögn eða sækir þau. Þar að auki skal hvert aðildarríki halda skrár yfir það starfsfólk sem hefur tilskilda heimild til að færa inn eða sækja gögn í kerfið.
2. Þessar skrár má eingöngu nota við gagnaverndareftirlit með lögmætti gagnavinnslunnar og til að tryggja gagnaöryggi. Gerðar skulu viðeigandi ráðstafanir til að verjast óheimilum aðgangi að skránum og skal þeim eytt ári eftir að varðveislutíminn, sem um getur í 1. mgr. 23. gr., rennur út, ef þeirra er ekki þörf vegna eftirlits sem þegar er hafid.

35. gr.

#### Eigið eftirlit

Aðildarríkin skulu tryggja að sérhvert yfirvald sem hefur rétt til aðgangs að gögnum í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir geri nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari reglugerð og starfi, ef nauðsyn krefur, með innlenda eftirlitsyfirvaldinu.

36. gr.

#### Viðurlög

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að misnotkun gagna, sem færð hafa verið inn í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, varði viðurlögum, þ.m.t. stjórnsýslu- og refsivíðurlögum í samræmi við landslög, er séu skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

## VI. KAFLI

## RÉTTINDI OG EFTIRLIT Á SVIÐI GAGNAVERNDAR

## 37. gr.

**Réttur til upplýsinga**

1. Aðildarríkið sem ber ábyrgð skal tilkynna umsækjendum og einstaklingum, sem um getur í f-lið 4. mgr. 9. gr., um eftirfarandi:

- a) hver ábyrgðaraðilinn, sem um getur í 4. mgr. 41. gr., er, þ.m.t. samskiptaupplýsingar,
- b) hver tilgangurinn með vinnslu gagnanna í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir er,
- c) flokka viðtakenda gagnanna, þ.m.t. yfirvöldin sem um getur í 3. gr.,
- d) varðveislutíma gagnanna,
- e) að skylt sé að safna gögnunum vegna meðferðar á umsókninni,
- f) að viðkomandi aðilar hafi rétt til aðgangs að gögnum um sig og rétt til að fara fram á að röng gögn um þá verði leiðrétt eða að gögnum um þá, sem unnin hafa verið með ólögðum hætti, verði eytt, þ.m.t. rétt til að fá upplýsingar um hvernig nýta megi þennan rétt og samskiptaupplýsingar innlendu eftirlitsyfirvaldanna, sem um getur í 1. mgr. 41. gr., sem taka kærur varðandi vernd persónuupplýsinga til meðferðar.

2. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., skulu látnar umsækjanda í té skriflega þegar teknar eru niður upplýsingar á umsóknareyðublað og ljósmynd og fingraför tekin eins og um getur í 4., 5. og 6. mgr. 9. gr.

3. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., skulu látnar í té einstaklingunum sem um getur í f-lið 4. mgr. 9. gr., á eyðublöðum sem þessir einstaklingar undirrita til staðfestingar á heimboði, ábyrgð og gistingu.

Ef þessir einstaklingar hafa ekki undirritað slíkt eyðublað skal láta þessar upplýsingar í té í samræmi við 11. gr. tilskipunar 95/46/EB.

## 38. gr.

**Réttur til aðgangs, leiðréttingar og eyðingar**

1. Með fyrirvara um þá skyldu að veita aðrar upplýsingar í samræmi við a-lið 12. gr. tilskipunar 95/46/EB skal sá sem upplýsingarnar varða eiga rétt á að fá tilkynningu um þær upplýsingar sem eru skráðar í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir um hann og hvaða aðildarríki sendi þær til upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir. Einungis aðildarríki getur veitt aðgang að upplýsingunum. Aðildarríkin skulu skrá allar beiðnir um slíkan aðgang.

2. Sérhver einstaklingur getur farið fram á að röng gögn um hann séu leiðrétt og að gögnum, sem hafa verið skráð með ólögðum hætti, verði eytt. Aðildarríkið sem ber ábyrgð skal leiðrétta þær eða eyða þeim án tafar í samræmi við eigin lög, reglur og málsmeðferð.

3. Ef beiðninni, sem kveðið er á um í 2. mgr., er beint til annars aðildarríkis en þess sem ber ábyrgð skulu yfirvöld í því aðildarríki þar sem beiðnin var lögð fram hafa samband við yfirvöld í aðildarríkinu sem ber ábyrgð innan 14 daga. Aðildarríkið sem ber ábyrgð skal kanna innan eins mánaðar hvort gögnin séu rétt og hvort vinnsla þeirra í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir sé lögð.

4. Komi í ljós að upplýsingar, sem skráðar eru í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, séu rangar eða hafi verið skráðar með ólögðum hætti skal aðildarríkið sem ber ábyrgð leiðrétta gögnin eða eyða þeim í samræmi við 3. mgr. 24. gr. Aðildarríkið sem ber ábyrgð skal greina þeim sem upplýsingarnar varða skriflega og án tafar frá því að það hafi gert ráðstafanir til að leiðrétta eða eyða upplýsingum sem varða hann.

5. Samþykki aðildarríkið, sem ber ábyrgð, ekki að gögn, sem skráð eru í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, séu röng eða hafi verið skráð með ólögðum hætti skal það skýra það skriflega og án tafar fyrir þeim sem gögnin varða hvers vegna það er ekki reiðubúið til að leiðrétta gögnin um hann eða eyða þeim.

6. Aðildarríkið, sem ber ábyrgð, skal einnig veita viðkomandi einstaklingi upplýsingar um hvaða leiða hann geti leitað ef hann sættir sig ekki við þær skýringar sem gefnar eru. Þar með skulu fylgja upplýsingar um hvernig á að höfða mál eða leggja fram kæru til lögbærra yfirvalda eða dómstóla í því aðildarríki og um hvers kyns aðstoð, þ.m.t. aðstoð frá innlendu eftirlitsyfirvöldunum, sem um getur í 1. mgr. 41. gr., sem tiltæk er í samræmi við lög, reglur og málsmeðferð í því aðildarríki.

## 39. gr.

**Samstarf til að tryggja rétt varðandi gagnavernd**

1. Aðildarríkin skulu vinna náið saman að því að framfylgja þeim rétti sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 4. mgr. 38. gr.

2. Í hverju aðildarríki skal innlenda eftirlitsyfirvaldið, að fenginni beiðni, aðstoða og ráðleggja viðkomandi einstaklingi við að neyta réttar síns til að leiðrétta eða eyða upplýsingum um hann í samræmi við 4. mgr. 28. gr. tilskipunar 95/46/EB.

3. Innlenda eftirlitsyfirvaldið í aðildarríkinu, sem ber ábyrgð, sem sendi gögnin og innlend eftirlitsyfirvöld í aðildarríkjunum þar sem beiðnin var lögð fram skulu hafa með sér samstarf í þessu skyni.

40. gr.

#### Úrræði

1. Í sérhverju aðildarríki skal einstaklingur hafa rétt til þess að höfða mál eða leggja fram kæru frammi fyrir lögberum yfirvöldum eða dómstólum þess aðildarríkis sem hefur neitað honum um rétt til aðgangs eða rétt til leiðréttingar eða eyðingar á gögnum um sig, með fyrirvara um 1. og 2. mgr. 38. gr.
2. Aðstoð innlendu eftirlitsfirvaldanna, sem um getur í 2. mgr. 39. gr., skal standa til boða meðan á málsmeðferðinni stendur.

41. gr.

#### Eftirlit innlands eftirlitsfirvalds

1. Yfirvaldið eða yfirvöldin, sem tilnefnd eru í hverju aðildarríki og hafa þær heimildir sem um getur í 28. gr. tilskipunar 95/46/EB (innlent eftirlitsfirvald), skulu hafa óháð eftirlit með því hvort vinnsla viðkomandi aðildarríkis á persónuupplýsingunum, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., sé með lögmætum hætti, þ.m.t. sending þeirra til og frá upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir.
2. Innlenda eftirlitsfirvaldið skal sjá til þess að úttekt fari fram á gagnavinnslu í landsbundna kerfinu í samræmi við viðeigandi alþjóðlega úttektarstaðla, a.m.k. á fjögurra ára fresti.
3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að eftirlitsfirvald þeirra hafi nægilegt fjármagn til að leysa af hendi þau verkefni sem því eru falin samkvæmt þessari reglugerð.
4. Að því er varðar vinnslu á persónuupplýsingum í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir skal hvert aðildarríki tilnefna yfirvald sem telst vera ábyrgðaraðili í samræmi við d-lið 2. gr. tilskipunar 95/46/EB og bera meginábyrgð á gagnavinnslu af hálfu þess aðildarríkis. Sérhvert aðildarríki skal senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um þetta yfirvald.
5. Sérhvert aðildarríki skal veita allar upplýsingar sem innlendu eftirlitsfirvöldin fara fram á, einkum upplýsingar um starfsemina sem fram fer í samræmi við 28. gr. og 1. mgr. 29. gr., veita þeim aðgang að skránum sem um getur í c-lið 4. mgr. 28. gr. og að sínum skráum, eins og um getur í 34. gr., og heimila þeim ávallt aðgang að öllum starfsstöðvum sínum.

42. gr.

#### Eftirlit Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar

1. Evrópska persónuverndarstofnunin skal hafa eftirlit með því að vinnsla rekstraryfirvaldsins á persónuupplýsingum fari fram í samræmi við þessa reglugerð. Þær skyldur og þær heimildir, sem um getur í 46. og 47. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001, gilda til samræmis við það.
2. Evrópska persónuverndarstofnunin skal sjá til þess að úttekt á vinnslu rekstraryfirvaldsins á persónuupplýsingum fari fram í samræmi við viðeigandi alþjóðlega úttektarstaðla a.m.k. á fjögurra ára fresti. Senda skal skýrslu um slíka úttekt til Evrópuþingsins, ráðsins, rekstraryfirvaldsins, framkvæmdastjórnarinnar og innlendra eftirlitsfirvalda. Rekstraryfirvaldinu skal gefinn kostur á að gera athugasemdir áður en skýrslan er samþykkt.
3. Rekstraryfirvaldið skal láta í té upplýsingarnar, sem Evrópska persónuverndarstofnunin óskar eftir, veita henni aðgang að öllum skjölum og að skráum sínum, sem um getur í 1. mgr. 34. gr., og heimila henni ávallt aðgang að öllum starfsstöðvum sínum.

43. gr.

#### Samstarf innlendra eftirlitsfirvalda og Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar

1. Innlend eftirlitsfirvöld og Evrópska persónuverndarstofnunin skulu, hvert um sig innan sinna heimilda, hafa með sér virkt samstarf innan ramma skyldustarfa sinna og tryggja samræmt eftirlit með upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir og landsbundna kerfunum.
2. Þau skulu, hvert um sig innan sinna heimilda, skiptast á upplýsingum sem máli skipta, aðstoða hvert annað við að framkvæma úttektir og eftirlit, rannsaka erfiðleika við túlkun eða beitingu þessarar reglugerðar, skoða vandamál sem kunna að koma upp við framkvæmd óháðs eftirlits eða við að nýta sér réttindi sín, semja samhæfðar tillögur að sameiginlegum lausnum á hvers konar vandamálum og stuðla að vitundarvakningu um réttindi sem tengjast gagnavernd, eftir því sem þörf er á.
3. Innlend eftirlitsfirvöld og Evrópska persónuverndarstofnunin skulu koma saman í þessu skyni tvisvar á ári hið minnsta. Evrópska persónuverndarstofnunin skal standa straum af kostnaði og þjónustu í tengslum við þessa fundi. Samþykjka skal starfsreglur á fyrsta fundi. Þróa skal aðrar starfsaðferðir sameiginlega eftir þörfum.
4. Senda skal sameiginlega skýrslu um starfsemina til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og rekstraryfirvaldsins annað hvert ár. Þessar skýrslur skulu hafa að geyma kafla frá hverju aðildarríki sem innlent eftirlitsfirvald þess aðildarríkis tekur saman.

44. gr.

#### Gagnavernd á aðlögunartímabilinu

Ef framkvæmdastjórnin felur annarri stofnun eða stofnunum verkefni sem eru á hennar ábyrgð meðan á aðlögunartímabilinu stendur, í samræmi við 4. mgr. 26. gr. þessarar reglugerðar, skal hún tryggja að Evrópska persónuverndarstofnunin hafi rétt á og sé gert kleift að sinna verkefnum sínum að fullu, þ.m.t. að annast vettvangseftirlit og að nýta sér allar þær valdheimildir sem henni eru faldar skv. 47. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001.

VII. KAFLI  
LOKAÁKVÆÐI

45. gr.

**Framkvæmd af hálfu framkvæmdastjórnarinnar**

1. Framkvæmdastjórnin skal taka miðlæga upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, landsbundna skilflötinn í hverju aðildarríki og grunnvirkið fyrir samskipti milli miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir og landsbundnu skilflatanna í notkun eins skjótt og við verður komið eftir gildistöku þessarar reglugerðar, þ.m.t. aðgerðir til að vinna lífkenniupplýsingarnar sem um getur í c-lið 1. mgr. 5. gr.

2. Nauðsynlegar ráðstafanir vegna tæknilegrar framkvæmdar miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, landsbundnu skilflatanna og grunnvirkisins fyrir samskipti milli miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir og landsbundnu skilflatanna skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 49. gr., einkum varðandi eftirfarandi:

- það að færa inn gögn og tengja saman umsóknir í samræmi við 8. gr.,
- það að fá aðgang að gögnum í samræmi við 15. og 17.–22. gr.,
- það að breyta, eyða og eyða gögnum fyrir tímenn í samræmi við 23.–25. gr.,
- það að halda skrár og fá aðgang að skrár í samræmi við 34. gr.,
- vegna samráðsfyrirkomulagsins og málsmeðferðanna sem um getur í 16. gr.

46. gr.

**Samþætting tæknilegra aðgerða Schengen-samráðsnetsins**

Samráðsfyrirkomulagið, sem um getur í 16. gr., kemur í stað Schengen-samráðsnetsins frá þeim degi sem ákveðinn er í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 3. mgr. 49. gr., þegar öll þau aðildarríki, sem nota Schengen-samráðsnetið á gildistöku degi þessarar reglugerðar, hafa tilkynnt um lagalegar og tæknilegar ráðstafanir sínar vegna notkunar upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir til samráðs um umsóknir um vegabréfaáritanir milli miðlægra yfirvalda, sem sjá um vegabréfsáritanir, í samræmi við 2. mgr. 17. gr. Schengen-samningsins.

47. gr.

**Upphaf gagnasendinga**

Sérhvert aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um að það hafi gert nauðsynlegar tæknilegar og lagalegar ráðstafanir til að senda gögnin, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., til miðlæga upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir um landsbundna skilflötinn.

48. gr.

**Upphaf starfseminnar**

1. Framkvæmdastjórnin ákveður hvaða dag upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir er tekið í notkun:

- þegar ráðstafanirnar, sem um getur í 2. mgr. 45. gr., hafa verið samþykktar,
- þegar alhliða prófun, sem framkvæmdastjórnin og aðildarríkin hafa umsjón með, hefur verið gerð á upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir og sem framkvæmdastjórnin hefur lýst yfir að hafi heppnast vel,
- þegar aðildarríkin hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni, í kjölfar fullgildingar tæknilegra ráðstafana, að þau hafi gert allar nauðsynlegar tæknilegar og lagalegar ráðstafanir til að safna gögnunum, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., og senda þau til upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir vegna allra umsókna á fyrsta svæðinu sem ákvarðað er í samræmi við 4. mgr., þ.m.t. ráðstafanir til að safna gögnum og/eða senda þau fyrir hönd annars aðildarríkis.

2. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna Evrópuþinginu um niðurstöður prófunarinnar sem framkvæmd er í samræmi við b-lið 1. mgr.

3. Á öllum öðrum svæðum skal framkvæmdastjórnin ákvarða frá og með hvaða degi skylt verður að senda gögnin, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., þegar aðildarríkin hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni að þau hafi gert allar nauðsynlegar tæknilegar og lagalegar ráðstafanir til að safna gögnunum, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., og senda þau til upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir vegna allra umsókna á viðkomandi svæði, þ.m.t. ráðstafanir til að safna gögnum og/eða senda þau fyrir hönd annars aðildarríkis. Fyrir þann dag er sérhverju aðildarríki heimilt að hefja starfsemi á hverju þessara svæða sem er, um leið og það hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni um að það hafi gert nauðsynlegar tæknilegar og lagalegar ráðstafanir til að safna a.m.k. gögnunum sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 5. gr. og senda þau til upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir.

4. Svæðin, sem um getur í 1. og 3. mgr., skulu ákvörðuð í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 49. gr. Viðmiðanirnar við ákvörðun á þessum svæðum skulu byggjast á hættunni á ólögmetum innflutningi fólks, ógn við innra öryggi aðildarríkjanna og möguleikanum á að safna lífkennum frá öllum stöðum á þessu svæði.

5. Framkvæmdastjórnin skal birta dagsetningarnar fyrir upphaf starfseminnar á hverju svæði í Stjórnartíðindum Evrópu-sambandsins.

6. Aðildarríki skal ekki geta flett upp í gögnum, sem önnur aðildarríki hafa sent til upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, fyrir en það, eða annað aðildarríki sem veitir því fyrirvar, hefur hafist handa við að færa inn gögn í samræmi við 1. og 3. mgr.

## 49. gr.

**Nefndin**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 51. gr. ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1987/2006 frá 20. desember 2006 um stofnsetningu, rekstur og þróun annarrar kynslóðar Schengen-upplýsingakerfisins (SIS II) (1).
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB. Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera tveir mánuðir<sup>(25)</sup>.
3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB. Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera tveir mánuðir.

## 50. gr.

**Eftirlit og mat**

1. Rekstraryfirvaldið skal tryggja að aðferðir séu til staðar til að hafa eftirlit með starfsemi upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir með tilliti til markmiða, að því er lýtur að afköstum, kostnaðarhagkvæmni, öryggi og gæðum þjónustunnar.
2. Vegna tæknilegs viðhalds skal rekstraryfirvaldið hafa aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um vinnslu sem fer fram í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir.
3. Tveimur árum eftir að upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir er tekið í notkun og á tveggja ára fresti þaðan í frá skal rekstraryfirvaldið leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnina um það hvernig upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir hefur reynst tæknilega séð, þ.m.t. öryggi þess.
4. Þremur árum eftir að upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir er tekið í notkun og á fjögurra ára fresti þaðan í frá skal framkvæmdastjórnin leggja fram heildarmat á upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir. Þetta heildarmat skal innihalda athugun á þeim árangri, sem náðst hefur, með hliðsjón af markmiðunum, auk mats á því hvort þær meginreglur, sem lagðar eru til grundvallar, eigi áfram við, mats á beitingu þessarar reglugerðar að því er varðar upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, á öryggi upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, á beitingu ákvæðanna sem um getur í 31. gr. og tekin afstaða til þeirra þátta sem gætu haft áhrif á starfsemina í framtíðinni. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu matið.
5. Fyrir lok tímabilanna, sem um getur í 2. mgr. 18. gr., skal framkvæmdastjórnin gefa skýrslu um tæknilegar framfarir við notkun fingrafara á ytri landamærum og hvaða áhrif hún hefur á það hversu langan tíma leit tekur ef númer vegabréfsáritunarmiða er notað ásamt sannpröfun á fingraförum handhafa vegabréfsáritunarinnar, þ.m.t. hvort áætlaður tími sem fer í slíka leit hafi í för með sér óeðlilega langan biðtíma á landamærastöðvum. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu matið. Á grundvelli þessa mats getur Evrópuþingið eða ráðið hvatt framkvæmdastjórnina til að leggja til viðeigandi breytingar á þessari reglugerð, ef þörf er á.
6. Aðildarríkin skulu láta rekstraryfirvaldinu og framkvæmdastjórninni í té þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að semja skýrslurnar sem um getur í 3., 4. og 5. mgr.
7. Rekstraryfirvaldið skal láta framkvæmdastjórninni í té allar nauðsynlegar upplýsingar vegna heildarmatsins sem um getur í 4. mgr.
8. Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á því að semja og senda skýrslurnar sem um getur í 3. mgr. meðan á aðlögunartímabilinu stendur þar til rekstraryfirvaldið hefur starfsemi sína.

## 51. gr.

**Gildistaka og framkvæmd**

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
  2. Hún kemur til framkvæmda frá og með þeim degi sem um getur í 1. mgr. 48. gr.
  3. Ákvæði 26. gr., 27. gr., 32. gr., 45. gr., 48. gr. (1., 2. og 4. mgr.) og 49. gr. koma til framkvæmda frá og með 2. september 2008.
  4. Á aðlögunartímabilinu, sem um getur í 4. mgr. 26. gr., skal litið á tilvísanir í þessari reglugerð til rekstraryfirvaldsins sem tilvísanir til framkvæmdastjórnarinnar.
- Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

## VIÐAUKI

**Skrá yfir alþjóðastofnanir sem um getur í 2. mgr. 31. gr.**

1. Stofnanir Sameinuðu þjóðanna (s.s. flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna).
2. Alþjóðastofnunin um fólksflutninga (IOM).
3. Alþjóðanefnd Rauða krossins.

---

<sup>(25)</sup> Stjtið. ESB L 381, 28.12.2006, bls. 4.



**Fylgiskjal 3.****ÁKVÖRDUN RÁDSINS 2008/633/DIM**

frá 23. júní 2008

**um uppflettiáðgang tilnefndra yfirvalda aðildarríkjanna og Evrópulögreglunnar að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (VIS) í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um og rannsaka hryðjuverk og aðra alvarlega, refsiverða verknaði**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum b-lið 1. mgr. 30. gr. og c-lið 2. mgr. 34. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með ákvörðun ráðsins 2004/512/EB frá 8. júní 2004 um að koma á upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir (VIS) <sup>(1)</sup> var upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir komið á sem kerfi fyrir skipti á gögnum um vegabréfsáritanir milli aðildarríkjanna. Innleiðing upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir er einn af lykilþáttunum í stefnu Evrópusambandsins sem miðar að því að koma á svæði þar sem ríkir frelsi, öryggi og réttlæti. Markmið upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir er að framfylgja betur sameiginlegri stefnu í vegabréfsáritunarmálum, jafnframt því að stuðla að innra öryggi og baráttu gegn hryðjuverkum við skýrt tilgreindar aðstæður og undir eftirliti.
- 2) Á fundi sínum hinn 7. mars 2005 samþykkti ráðið niðurstöður þar sem fram kemur að „til að ná til fulls því markmiði að bæta innra öryggi og efla baráttuna gegn hryðjuverkum“, yrði að tryggja aðgang þeirra yfirvalda aðildarríkjanna, sem bera ábyrgð á innra öryggi, að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir „við störf sín í tengslum við að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka refsiverðan verknað, þ.m.t. hryðjuverk og hryðjuverkaógnanir“, „að því tilskildu að það sé í fullu samræmi við reglur um vernd persónuupplýsinga“.
- 3) Í baráttunni gegn hryðjuverkum og öðrum alvarlegum afbrotum er grundvallaratriði að viðeigandi stofnanir hafi aðgang að eins ítarlegum og uppfærðum upplýsingum á sínu sviði og mögulegt er. Þar til bærar landsstofnanir aðildarríkjanna þurfa upplýsingar til að geta leyst verkefni sín af hendi. Upplýsingar, sem er að finna í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, kunna að reynast nauðsynlegar í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og berjast gegn hryðjuverkum og alvarlegum afbrotum og skulu þær því vera aðgengilegar tilnefndum yfirvöldum til uppflettingar, með fyrirvara um skilyrðin sem eru sett fram í þessari ákvörðun.
- 4) Ennfremur hefur leiðtoga ráðið lýst því yfir að Evrópulögreglan (Europol) gegni lykilhlutverki í samstarfi yfirvalda aðildarríkjanna á sviði rannsókna á afbrotum sem ná yfir landamæri, með því að styðja við forvarnar

gegn, greiningu og rannsóknir á afbrotum innan Sambandsins. Því skal Evrópulögreglan einnig hafa aðgang að gögnum í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, innan ramma verkefna sinna og í samræmi við samninginn frá 26. júlí 1995 um stofnun Evrópulögreglunnar <sup>(2)</sup>.

- 5) Þessi ákvörðun kemur til viðbótar við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2008 frá 9. júlí 2008 um upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir (VIS) og skipti á gögnum milli aðildarríkjanna um vegabréfsáritanir til stuttrar dvalar (VIS-reglugerð) <sup>(3)</sup> að því leyti sem hún myndar lagagrundvöll samkvæmt VI. bálki sáttmálans um Evrópusambandið og heimilar tilnefndum yfirvöldum og Evrópulögreglunni aðgang að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir.
- 6) Nauðsynlegt er að tilnefnd séu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna sem og miðlægar aðgangsstöðvar, þar sem aðgangur fæst að kerfinu, og að haldnar séu skrár yfir starfseiningar tilnefndra yfirvalda sem hafa aðgangshæð að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í þeim sérstaka tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um og rannsaka hryðjuverk og aðra alvarlega, refsiverða verknaði eins og um getur í rammaákvörðun ráðsins 2002/584/DIM frá 13. júní 2002 um evrópsku handtökuskipunina og málsmeðferð við afhendingu milli aðildarríkjanna <sup>(4)</sup>. Brýnt er að tryggt sé að aðeins þeir starfsmenn sem „þurfa á upplýsingunum að halda“ og hafa viðeigandi þekkingu á reglum um gagnaöryggi og gagna-vernd fái tilskilið umboð og rétt til aðgangs að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir.
- 7) Starfseiningar tilnefndra yfirvalda skulu senda beiðnir um aðgang að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir til miðlægra aðgangsstöðva. Miðlægu aðgangsstöðvarnar afgreiða því næst beiðnirnar um aðgang að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir eftir að sannprófað hefur verið að öll skilyrði fyrir aðgangi séu uppfyllt. Í brýnum undantekningartilvikum skulu miðlægu aðgangsstöðvarnar tafarlaust afgreiða beiðnina og framkvæma sannprófun síðar.
- 8) Í því skyni að vernda persónuupplýsingar og einkum til að koma í veg fyrir kerfisbundinn aðgang, skal vinnsla á gögnum úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir aðeins fara fram í hverju tilvikinu fyrir sig. Það teljast einkum slík sérstök tilvik þegar uppflettiáðgangur tengist tilteknum atburði eða hættu í tengslum við alvarleg afbrot, eða einum eða fleiri tilteknum einstaklingum sem sérstök ástæða er til að ætla að muni fremja eða hafi

<sup>(2)</sup> Stjótið. EB C 316, 27.11.1995, bls. 2. Samningurinn eins og honum var síðast breytt með bókun sem breytir honum (Stjótið. ESB C 2, 6.1.2004, bls. 3).

<sup>(3)</sup> Stjótið. ESB L 218, 13.8.2009, bls. 60.

<sup>(4)</sup> Stjótið. EB L 190, 18.7.2002, bls. 1.

<sup>(1)</sup> Stjótið. ESB L 213, 15.6.2004, bls. 5.

framið hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verkn-  
aði eða að hann/þeir séu í tengslum við slíkan einstakling  
eða einstaklinga. Tilnefnd yfirvöld og Evrópulögreglan  
skulu því aðeins leita í gögnum sem er að finna í  
upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir ef þau hafa gilda  
ástæðu til að ætla að slíkt leit veiti upplýsingar sem  
aðstoði þau verulega í að koma í veg fyrir, koma upp um  
eða rannsaka alvarleg afbrot.

- 9) Þegar fyrirhuguð rammaákvörðun um vernd persónu-  
upplýsinga sem eru unnar innan ramma lögreglu- og  
dómsmálasamstarfs í sakamállum hefur tekið gildi skal  
hún gilda um persónuupplýsingar sem eru unnar sam-  
kvæmt þessari ákvörðun. Þangað til reglurnar, sem settar  
eru með rammaákvörðuninni, taka gildi og til viðbótar  
við þær, þarf þó að setja fullnægjandi ákvæði til að  
 tryggja nauðsynlega gagnavernd. Sérhverju aðildarríki  
ber að tryggja, með landslögum sínum, fullnægjandi  
gagnavernd sem hið minnsta samsvarar þeirri sem leiðir  
af samningi Evrópuráðsins frá 28. janúar 1981 um vernd  
einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýs-  
inga og samsvarandi dómaframkvæmd, skv. 8. gr.  
sáttmálans um verndun mannréttinda og mannfrelsis og,  
að því er varðar þau aðildarríki sem hafa fullgilt hann,  
viðbótarbókun við þann samning frá 8. nóvember 2001,  
og hafa hliðsjón af tilmælum ráðherranefndar Evrópu-  
ráðsins nr. R(87)15 frá 17. september 1987 um setningu  
reglna um notkun persónuupplýsinga hjá lögreglu-  
embættum.
- 10) Reglulega skal fara fram mat á því hvort skilvirkt eftirlit  
sé haft með beitingu þessarar ákvörðunar.
- 11) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum  
þessarar ákvörðunar, þ.e. að innleiða skyldur og skilyrði  
fyrir uppflettiðgangi tilnefndra yfirvalda aðildarríkjanna  
og Evrópulögreglunnar að gögnum í upplýsingakerfinu  
um vegabréfsáritanir og þeim verður betur náð á  
vettvangi Bandalagsins, vegna þess hve aðgerðirnar eru  
umfangsmiklar eða hafa viðtek áhrif, er ráðinu heimilt  
að samþykka ráðstafanir í samræmi við dreiffræðis-  
regluna, sem um getur í 2. gr. sáttmálans um Evrópu-  
bandalagið og skilgreind er í 5. gr. stofnsáttmála Evrópu-  
bandalagsins. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og  
hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en  
nauðsyn krefur í þessari ákvörðun til að ná þessum  
markmiðum.
- 12) Í samræmi við 47. gr. sáttmálans um Evrópusambandið  
hefur þessi ákvörðun ekki áhrif á heimildir Evrópu-  
bandalagsins, einkum eins og þeim er beitt í reglugerð  
(EB) nr. 767/2008 og í tilskipun Evrópungisins og  
ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd  
einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga  
og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga<sup>(1)</sup>.
- 13) Þessi ákvörðun telst vera þróun á ákvæðum Schengen-  
gerðanna sem Breska konungsríkið tekur ekki þátt í, í  
samræmi við ákvörðun ráðsins 2000/365/EB frá 29. maí  
2000 varðandi beiðni Hins sameiginlega konungsríkis  
Stóra-Bretlands og Norður-Írlands um að eiga þátt í  
sumum ákvæðum Schengen-gerðanna<sup>(2)</sup>. Breska  
konungsríkið tekur því ekki þátt í samþykkt hennar og er  
ekki bundið af henni eða beitingu hennar.

(1) Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31. Tilskipuninni var breytt með  
reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

(2) Stjtið. EB L 131, 1.6.2000, bls. 43.

- 14) Þessi ákvörðun telst vera þróun á ákvæðum Schengen-  
gerðanna, sem Írland tekur ekki þátt í, í samræmi við  
ákvörðun ráðsins 2002/192/EB frá 28. febrúar 2002  
varðandi beiðni Írlands um að eiga þátt í sumum  
ákvæðum Schengen-gerðanna<sup>(3)</sup>. Írland tekur því ekki  
þátt í samþykkt hennar og er ekki bundið af henni eða  
beitingu hennar.
- 15) Í samræmi við rammaákvörðun ráðsins 2006/960/DIM  
frá 18. desember 2006 um að einfalda skipti á upp-  
lýsingum og trúnaðargögnum milli löggæsluyfirvalda  
aðildarríkja Evrópusambandsins<sup>(4)</sup> er lögbærum yfir-  
völdum aðildarríkja, þar sem tilnefnd yfirvöld hafa  
aðgang að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir sam-  
kvæmt þessari ákvörðun, þó heimilt að afhenda Breska  
konungsríkinu og Írlandi upplýsingar úr upplýsinga-  
kerfinu um vegabréfsáritanir. Einnig er heimilt að  
afhenda lögbærum löggæsluyfirvöldum hinna aðildar-  
ríkjanna upplýsingar sem er að finna í innlendum skrá-  
m Breska konungsríkisins og Írlands um vegabréfsáritanir.  
Til þess að stjórnvöld Breska konungsríkisins og Írlands  
geti fengið hvers konar beinan aðgang að upplýs-  
ingakerfinu um vegabréfsáritanir þarf, vegna núverandi  
stöðu þeirra sem þátttakendur í Schengen-gerðunum,  
samkomulag milli Bandalagsins og þessara aðildarríkja,  
auk þess sem nauðsynlegt kann að vera að bæta við  
frekari reglum sem tilgreina skilyrði fyrir slíkum aðgangi  
og verklagsreglur er hann varða.
- 16) Að því er Ísland og Noreg varðar telst þessi ákvörðun, að  
undanskilinni 7. gr., vera þróun á ákvæðum Schengen-  
gerðanna í skilningi samningsins, sem ráð Evrópu-  
sambandsins og lýðveldið Ísland og Konungsríkið  
Noregur gerðu með sér um þátttöku þessara tveggja ríkja  
í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna<sup>(5)</sup>,  
sem falla innan sviðsins sem um getur í B-lið 1. gr.  
ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB<sup>(6)</sup> um sérstakt fyrir-  
komulag um beitingu þess samnings.
- 17) Að því er Sviss varðar telst þessi ákvörðun, að undan-  
skilinni 7. gr., vera þróun á ákvæðum Schengen-gerð-  
anna í skilningi samningsins sem Evrópusambandið,  
Evrópubandalagið og Ríkjasambandið Sviss gerðu með  
sér um þátttöku Ríkjasambandsins Sviss í framkvæmd,  
beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sem falla innan  
sviðsins sem um getur í B-lið 1. gr. ákvörðunar  
1999/437/EB, túlkuð í tengslum við 1. mgr. 4. gr.  
ákvörðunar ráðsins 2004/849/EB<sup>(7)</sup>.
- 18) Þessi ákvörðun, að undanskilinni 6. gr., er gerð sem  
byggist á Schengen-gerðunum eða tengist þeim á annan  
hátt í skilningi 2. mgr. 3. gr. aðildarlaganna frá 2003 og  
2. mgr. 4. gr. aðildarlaganna frá 2005.
- 19) Í þessari ákvörðun eru grundvallarréttindi virt og megin-  
reglum fylgt, einkum þeim sem koma fram í sáttmála  
Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.

#### ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:

(3) Stjtið. EB L 64, 7.3.2002, bls. 20.

(4) Stjtið. ESB L 386, 18.12.2006, bls. 89.

(5) Stjtið. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.

(6) Stjtið. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31.

(7) Ákvörðun 2004/849/EB frá 25. október 2004 um undirritun fyrir hönd  
Evrópusambandsins og um bráðabirgðabeitingu tiltekinnna ákvæða  
samningsins sem Evrópusambandið, Evrópubandalagið og  
Ríkjasambandið Sviss gerðu með sér um þátttöku Ríkjasambandsins  
Sviss í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna. (Stjtið. ESB  
L 368, 15.12.2004, bls. 26).

## 1. gr.

**Efni og gildissvið**

Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um skilyrði fyrir því að tilnefnd yfirvöld aðildarríkjanna og Evrópulögreglan (Europol) geti fengið uppflettiadgang að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (VIS) í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um og rannsaka hryðjuverk og aðra alvarlega, refsiverða verknaði.

## 2. gr.

**Skilgreiningar**

1. Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „Upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir (VIS)“: upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir sem komið var á með ákvörðun 2004/512/EB,
- b) „Evrópulögreglan“: Evrópulögreglan (Europol) sem stofnuð var með samningnum frá 26. júlí 1995 um stofnun Evrópulögreglunnar (Europol-samningurinn),
- c) „hryðjuverk“: afbrot sem samkvæmt landslögum samsvara eða eru jafngild þeim afbrotum sem um getur í 1.–4. gr. rammaákvörðunar ráðsins 2002/475/DIM frá 13. júní 2002 um baráttuna gegn hryðjuverkum <sup>(1)</sup>,
- d) „alvarlegir, refsiverðir verknaðir“: afbrot sem samsvara eða eru jafngild þeim afbrotum sem um getur í 2. mgr. 2. gr. rammaákvörðunar 2002/584/DIM,
- e) „tilnefnd yfirvöld“: yfirvöld sem bera ábyrgð á því að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra, alvarlega, refsiverða verknaði og eru tilnefnd af aðildarríkjunum skv. 3. gr.

2. Skilgreiningarnar í reglugerð (EB) nr. 767/2008 gilda einnig.

## 3. gr.

**Tilnefnd yfirvöld og miðlægar aðgangsstöðvar**

1. Aðildarríkin skulu tilnefna þau yfirvöld, sem um getur í e-lið 1. mgr. 2. gr., sem er heimill aðgangur að gögnum í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir samkvæmt þessari ákvörðun.

2. Sérhvert aðildarríki skal halda skrá yfir tilnefnd yfirvöld. Sérhvert aðildarríki skal, eigi síðar en 2. desember 2008, tilkynna framkvæmdastjórninni og aðalskrifstofu ráðsins í yfirlýsingu um tilnefnd yfirvöld sín og er hvenær sem er heimilt að breyta yfirlýsingunni eða senda nýja í hennar stað.

3. Sérhvert aðildarríki skal tilnefna miðlæga aðgangsstöð eða -stöðvar þar sem aðgangur fæst að kerfinu. Aðildarríkin geta tilnefnt fleiri en eina miðlæga aðgangsstöð til að endurspeglja stjórnskipulag sitt og uppfylla stjórnskipuleg eða lagaleg

skilyrði. Sérhvert aðildarríki skal, eigi síðar en 2. desember 2008, tilkynna framkvæmdastjórninni og aðalskrifstofu ráðsins í yfirlýsingu um miðlægar aðgangsstöðvar sínar og er hvenær sem er heimilt að breyta yfirlýsingunni eða senda nýja í hennar stað.

4. Framkvæmdastjórnin skal birta yfirlýsingarnar, sem um getur í 2. og 3. mgr., í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. Sérhvert aðildarríki skal halda skrá á landsvísi yfir þær starfseiningar tilnefndra yfirvalda sem er heimill aðgangur að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir gegnum miðlægar aðgangsstöðvar.

6. Aðeins starfsmönnum starfseininganna með tilskilið umboð og miðlægu aðgangsstöðvunum skal vera heimill aðgangur að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í samræmi við 4. gr.

## 4. gr.

**Verklagsreglur um aðgang að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir**

1. Sé skilyrðum 5. gr. fullnægt skulu starfseiningarnar, sem um getur í 5. mgr. 3. gr., senda rökstudda beiðni, skriflega eða rafrænt, til miðlægu aðgangsstöðvanna, sem um getur í 3. mgr. 3. gr., um aðgang að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir. Miðlægu aðgangsstöðvannar skulu, við viðtöku aðgangsbeiðni, sannprófa hvort skilyrðum fyrir aðgangi, sem um getur í 5. gr., sé fullnægt. Sé öllum skilyrðum fyrir aðgangi fullnægt skulu starfsmenn miðlægu aðgangsstöðvarinnar eða -stöðvanna með tilskilda heimild afgreiða beiðnina. Senda skal gögn úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, sem aðgangur fæst að, til starfseininganna, sem um getur í 5. mgr. 3. gr., með þeim hætti að öryggi þeirra sé ekki stofnað í hættu.

2. Í brýnum undantekningartilvikum er miðlægum aðgangsstöðvum heimilt að taka við skriflegum, rafrænum eða munnlegum beiðnum. Í slíkum tilvikum skulu miðlægar aðgangsstöðvar taka beiðnina til afgreiðslu þegar í stað og sannreyna eftir á hvort öllum skilyrðum 5. gr. hafi verið fullnægt, þ.m.t. hvort um brýnt undantekningartilvik hafi verið að ræða. Sannprófun sem fer fram eftir á, skal framkvæmd tafarlaust eftir að beiðnin hefur verið afgreidd.

## 5. gr.

**Skilyrði fyrir aðgangi tilnefndra yfirvalda aðildarríkjanna að gögnum í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir**

1. Uppflettiadgangur tilnefndra yfirvalda að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir skal rúmast innan heimilda þeirra og fara fram að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) uppflettiadgangur verður að teljast nauðsynlegur til að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra, alvarlega refsiverða verknaði,
- b) uppflettiadgangur verður að teljast nauðsynlegur í tilteknu tilvikum,
- c) gildar ástæður eru til að ætla að leit í gögnum í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir muni stuðla að því að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka einhvern þann refsiverða verknað sem um ræðir,

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 164, 22.6.2002, bls. 3.

2. Þegar flett er upp í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir er einungis heimilt að leita á grundvelli eftirfarandi gagna sem er að finna í skránni með umsókninni um vegabréfsáritun.

- a) kenninafns, kenninafns við fæðingu (fyrra kenninafns/-nafna) eiginnafns/-nafna, kyns, fæðingardags og -árs, fæðingarstaðar og -lands,
- b) núverandi ríkisfangs og ríkisfangs við fæðingu,
- c) tegundar og númers ferðaskilríkja, hvaða yfirvald gaf þau út, útgáfudags og gildistíma,
- d) aðalákvörðunarstaðar og lengdar fyrirhugaðrar dvalar,
- e) tilgangs ferðar,
- f) fyrirhugaðs komu- og brottfarardags,
- g) landamæra sem fyrirhugað er að fara yfir við fyrstu komu eða gegnumferð,
- h) búsetustaðar,
- i) fingrafara,
- j) tegundar vegabréfsáritunar og númers vegabréfsáritunarmiða,
- k) upplýsinga um þann sem bauð umsækjanda og/eða ber ábyrgð á að greiða framfærslukostnað hans meðan á dvöl stendur.

3. Beri leit í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir árangur, skal hún veita aðgang að öllum þeim upplýsingum sem eru skráðar í 2. mgr. sem og að:

- a) öllum öðrum upplýsingum af umsóknareyðublaði,
- b) ljósmyndum,
- c) upplýsingum sem færðar hafa verið inn vegna hvers konar vegabréfsáritunar sem hefur verið gefin út, synjað, hún ógild, afturkölluð eða framflengd.

6. gr.

**Skilyrði fyrir aðgangi tilnefndra yfirvalda aðildarríkja, þar sem reglugerð (EB) nr. 767/2008 er ekki komin til framkvæmda, að gögnum í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir**

1. Uppflettiadgangur tilnefndra yfirvalda aðildarríkis, þar sem reglugerð (EB) nr. 767/2008 er ekki komin til framkvæmda, að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir skal rúmast innan heimilda þess og

- a) vera háður sömu skilyrðum og um getur í 1. mgr. 5. gr., og
- b) byggjast á rökstuddri, skriflegri eða rafrænni beiðni til tilnefnds yfirvalds aðildarríkis, þar sem reglugerð (EB) nr. 767/2008 hefur öðlast gildi það yfirvald skal svo biðja landsbundna, miðlæga aðgangsstöð eða -stöðvar um að fletta upp í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir.

2. Aðildarríki, þar sem reglugerð (EB) nr. 767/2008 er ekki komin til framkvæmda, skal láta aðildarríkjum, þar sem reglugerð (EB) nr. 767/2008 gildir, í té upplýsingar sínar um vegabréfsáritanir á grundvelli rökstuddrar skriflegrar eða rafrænnar beiðni, með fyrirvara um að farið sé að skilyrðunum sem um getur í 1. mgr. 5. gr.

3. Ákvæði 8. gr. (1. mgr. og 3.–6. mgr.), 9. gr. (1. mgr.), 10. gr. (1. og 3. mgr.), 12. gr., 13. gr. (1. og 3. mgr.) gilda til samræmis við það.

7. gr.

**Skilyrði fyrir aðgangi Evrópulögreglunnar að gögnum í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir**

1. Uppflettiadgangur Evrópulögreglunnar að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir skal rúmast innan heimilda hennar og eiga sér stað:

- a) þegar nauðsynlegt er til að hún geti leyst verkefni sín af hendi skv. 2. lið 1. mgr. 3. gr. Europol-samningsins og vegna sérstakrar greiningar sem um getur í 10. gr. Europol-samningsins, eða
- b) þegar nauðsynlegt er til að hún geti leyst verkefni sín af hendi skv. 2. lið 1. mgr. 3. gr. Europol-samningsins og vegna greininga sem eru almenns eðlis og skipulegra greininga eins og um getur í 10. gr. Europol-samningsins, að því tilskildu að Evrópulögreglan aftengi gögn úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir persónuauðkennum áður en slík vinnsla fer fram og varðveiti þau á því formi að auðkenning þeirra, sem gögnin varða, sé ekki lengur möguleg.

2. Ákvæði 2. og 3. mgr. 5. gr. gilda til samræmis við það.

3. Evrópulögreglan skal tilnefna sérdeild, samkvæmt þessari ákvörðun, með starfsmönnum Evrópulögreglunnar með tilskilið umboð til að starfa sem miðlæg aðgangsstöð fyrir uppflettiadgang að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir.

4. Vinnsla upplýsinga, sem Evrópulögreglan finnur við leit í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, er háð samþykki þess aðildarríkis sem færði gögnin inn í kerfið. Afli skal slíks samþykkis fyrir milligöngu Evrópulögregludeildar þess aðildarríkis.

8. gr.

**Vernd persónuupplýsinga**

1. Vinnsla persónuupplýsinga, sem flett er upp í samræmi við þessa ákvörðun, er háð eftirfarandi reglum og landslögum aðildarríkisins sem flettir upp upplýsingunum. Að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga sem flett er upp samkvæmt þessari ákvörðun, skal sérhvert aðildarríki tryggja, með landslögum sínum, fullnægjandi gagnaverndar sem hið minnsta samsvarar þeirri sem leiðir af samningi Evrópuráðsins frá 28. janúar 1981 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga og, að því er varðar þau aðildarríki sem hafa fullgilt hann, viðbótarbókun við þann samning frá 8. nóvember 2001, og hafa hliðsjón af tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins R(87)15 frá 17. september 1987 um setningu reglna um notkun persónuupplýsinga hjá lögregluembættum.

2. Vinnsla Evrópulögreglunnar á persónuupplýsingum samkvæmt þessari ákvörðun skal vera í samræmi við Europól-samninginn og þær reglur sem voru samþykktar vegna framkvæmdar hans og vera undir eftirliti óháðrar sameiginlegrar eftirlitsstofnunar sem komið er á með 24. gr. samningsins.

3. Vinnsla á persónuupplýsingum, sem fást úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir samkvæmt þessari ákvörðun, skal aðeins fara fram í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um, rannsaka eða saksækja vegna hryðjuverka eða annarra, alvarlegra, refsiverða verknaða.

4. Persónuupplýsingar sem fást úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir samkvæmt þessari ákvörðun má ekki afhenda eða gera aðgengilegar, þriðja landi eða alþjóðastofnun. Í brýnum undantekningartilvikum er þó heimilt að afhenda slík gögn eða gera þau aðgengileg þriðja landi eða alþjóðastofnun, eingöngu í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða koma upp um hryðjuverk og aðra alvarlega, refsiverða verknaði og samkvæmt skilyrðunum í 1. mgr. 5. gr. þessarar ákvörðunar, með fyrirvara um samþykki aðildarríkisins sem færði gögnin inn í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir og í samræmi við landslög aðildarríkisins sem afhendir gögnin eða gerir þau aðgengileg. Aðildarríkin skulu sjá til þess, í samræmi við landslög, að skýrslur yfir slíka afhendingu séu geymdar og þær gerðar aðgengilegar innlendum gagnaverndaryfirvöldum, sé þess óskað. Afhending gagna af hálfu aðildarríkisins sem færði gögnin inn í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 767/2008, skal vera með fyrirvara um landslög þess aðildarríkis.

5. Þar til bær aðili eða aðilar sem, í samræmi við landslög, sjá um eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga hjá þeim yfirvöldum, sem eru tilnefnd samkvæmt þessari ákvörðun, skulu hafa eftirlit með því að vinnsla persónuupplýsinga sé með lögmætum hætti í samræmi við þessa ákvörðun. Aðildarríkin skulu sjá til þess að þessir aðilar hafi nægjanlegt fjármagn til að leysa af hendi þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt þessari ákvörðun.

6. Aðilarnir sem um getur í 5. gr. skulu sjá til þess að á a.m.k. fjögurra ára fresti fari fram úttekt á því hvernig vinnsla persónuupplýsinga fer fram samkvæmt þessari ákvörðun, eftir atvikum í samræmi við alþjóðlega úttektarstaðla.

7. Aðildarríkin og Evrópulögreglan skulu gera þar til bærnum aðila eða aðilum, sem um getur í 2. og 5. mgr., kleift að afla nauðsynlegra upplýsinga til að þau geti leyst af hendi verkefni sín í samræmi við þessa grein.

8. Starfsfólk þeirra yfirvalda sem hafa rétt til aðgangs að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir skal fá viðeigandi hjálfun að því er varðar reglur um gagnaöryggi og gagnavernd áður en það fær heimild til vinnslu gagna sem eru geymd í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, auk þess sem það skal upplýst um refsiverðan verknað og viðurlög þar að lútandi.

9. gr.

#### Gagnaöryggi

1. Aðildarríkið sem ber ábyrgð skal tryggja öryggi gagnanna meðan á sendingu þeirra til tilnefndra yfirvalda stendur og við viðtöku þeirra á þeim.

2. Sérhvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar öryggisráðstafanir vegna gagna sem sækja á í upplýsingakerfið um vegabréfs-

áritanir samkvæmt þessari ákvörðun og geyma í framhaldi af því, einkum í því skyni:

- a) að vernda búnað sem gögn eru geymd á (e. physically protect data), m.a. með gerð viðbragðsáætlaana til verndar mikilvægum grunnvirkjum,
- b) að neita þeim, sem hafa ekki til þess heimild, um aðgang að innlendum mannvirkjum þar sem aðildarríkið geymir gögn (eftirlit við inngang að mannvirkjum),
- c) að koma í veg fyrir að þeir sem ekki hafa til þess heimild geti lesið eða afritað af gagnamiðlum, breytt þeim eða eytt (eftirlit með gagnamiðlum),
- d) að koma í veg fyrir að hægt sé án heimildar að skoða, breyta eða eyða geymdum persónuupplýsingum (eftirlit með geymslu gagna),
- e) að koma í veg fyrir að hægt sé án heimildar að vinna gögn úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (eftirlit með gagnavinnslu),
- f) að tryggja, með notkun persónubundinna og einræðra notandakenna (e. individual and unique user identities) og leynilegs aðgangshams (e. confidential access modes), að þeir, sem er heimill aðgangur að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, hafi aðeins aðgang að gögnum sem falla undir aðgangsheimild þeirra (eftirlit með aðgangi að gögnum),
- g) að tryggja að öll yfirvöld sem hafa rétt til aðgangs að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir útbúi lýsingar á hlutverki og skyldum einstaklinga, sem hafa heimild til aðgangs og leitar í gögnum, og gera þessar lýsingar þegar í stað aðgengilegar þeim eftirlitsyfirvöldum, í hverju landi fyrir sig, sem um getur í 5. mgr. 8. gr., að beiðni þeirra (starfsmannalýsingar),
- h) að tryggja að hægt sé að sannprófa og fastsetja til hvaða aðila unnt er að senda persónuupplýsingar með gagnasamskiptabúnaði (eftirlit með samskiptum),
- i) að tryggja að hægt sé að sannprófa og staðfesta hvaða gögn hafi verið sótt í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, hvenær, af hverjum og í hvaða tilgangi (eftirlit með gagnaskráningu),
- j) að hindra, einkum með viðeigandi dulkóðunaraðferðum, að hægt sé án heimildar að lesa og afrita persónuupplýsingar meðan verið er að senda þær úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (eftirlit með flutningi),
- k) að hafa eftirlit með skilvirkni öryggisráðstafananna sem um getur í þessari grein og gera nauðsynlegar skipulagsráðstafanir í tengslum við innra eftirlit til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar ákvörðunar (eigin úttekt).

10. gr.

#### Bótaábyrgð

1. Sérhver maður eða aðildarríki, sem hefur beðið tjón af völdum ólögmætrar vinnslu eða annars verknaðar sem er í andstöðu við þessa ákvörðun, skal eiga rétt á að fá skaðabætur frá aðildarríkinu sem ber ábyrgð á tjóninu. Aðildarríkið skal

undanþegið bótaábyrgð, að fullu eða að hluta, ef það getur fært sönnur á að það beri ekki ábyrgð á atburðinum sem olli tjóninu.

2. Ef aðildarríki stendur ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt þessari ákvörðun og það veldur tjóni á upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir skal það aðildarríki bera ábyrgð á því tjóni, nema annað aðildarríki hafi, og að því marki sem það hefur, vanrækt að gera þær ráðstafanir sem sanngjarnt er að ætlast til að það hafi gert til að koma í veg fyrir tjónið eða takmarka afleiðingar þess.

3. Með bótakröfur á hendur aðildarríki vegna tjóns, sem um getur í 1. og 2. mgr., skal fara að ákvæðum landslaga aðildarríkisins sem er varnaraðili.

#### 11. gr.

##### Eigið eftirlit

Aðildarríkin skulu tryggja að sérhvert yfirvald sem hefur rétt til aðgangs að gögnum í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir geri nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari ákvörðun og starfi, ef nauðsyn krefur, með þeim aðila eða aðilum í hverju landi fyrir sig sem um getur í 5. mgr. 8. gr.

#### 12. gr.

##### Viðurlög

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að notkun gagna úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, sem brýtur í bága við ákvæði þessarar ákvörðunar, varði viðurlögum, þ.m.t. stjórnsýslu- og refsiviðurlögum, er séu skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

#### 13. gr.

##### Geymsla gagna úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í landskrám

1. Aðeins er heimilt er að geyma gögn sem sótt hafa verið í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir í landskrám þegar það er nauðsynlegt í einstaka málum, í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun og í samræmi við viðeigandi lagaákvæði, þ.m.t. þau er varða gagnavernd, og ekki lengur en nauðsynlegt er í hverju máli fyrir sig.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki hafa áhrif á ákvæði landslaga aðildarríkis varðandi það er tilnefnd yfirvöld þess færa inn í landskrár sínar gögn sem aðildarríkið hafði fært inn í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 767/2008.

3. Öll notkun gagna, sem samrýmist ekki 1. og 2. mgr., telst vera misnotkun samkvæmt landslögum hvers aðildarríkis.

#### 14. gr.

##### Réttur til aðgangs, leiðréttingar og eyðingar

1. Réttur sérhvers einstaklings til þess að fá aðgang að gögnum, sem eru til um hann og fengin eru úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir samkvæmt þessari ákvörðun, skal vera í samræmi við lög aðildarríkisins þar sem hann nýtir sér þennan rétt.

2. Svo framarlega sem landslög heimila ákveður innlenda eftirlitsyfirvaldið hvort upplýsingarnar skulu veittar og á hvaða hátt.

3. Aðildarríki, annað en það sem færði gögnin inn í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 767/2008, má aðeins afhenda upplýsingar um slík gögn ef aðildarríkið, sem færði þau inn, fær fyrst tækifæri til að koma skoðun sinni á framfæri.

4. Neita má þeim, er gögnin varða, um upplýsingar, ef það er nauðsynlegt vegna framkvæmdar lögmætrar aðgerðar sem tengist gögnunum eða vegna verndar á réttindum og frelsi þriðju aðila.

5. Sérhver einstaklingur á rétt til þess að röng gögn um hann verði leiðrétt eða að gögnum um hann sem eru geymd með ólögmeðum hætti verði eytt. Fá tilnefnd yfirvöld beiðni um slíkt eða hafi þau aðrar sannanir sem benda til þess að gögn sem eru unnin í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir séu röng skulu þau tafarlaust tilkynna það yfirvaldinu sem gefur út vegabréfsáritanir í aðildarríkinu, sem færði gögnin inn í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, og skal það skoða umrædd gögn og, ef nauðsyn krefur, leiðrétta þau eða eyða þeim þegar í stað, skv. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008.

6. Hlutaðeigandi einstaklingi skal tilkynnt um þetta eins fljótt og unnt er og eigi síðar en 60 dögum frá þeim degi þegar hann sótti um aðgang eða fyrr ef landslög kveða á um það.

7. Hlutaðeigandi einstaklingi skal tilkynnt um hvaða ráðstafanir voru gerðar í kjölfar þess að hann beitti fyrir sig réttinum til leiðréttingar eða eyðingar eins fljótt og unnt er og aldrei seinna en þremur mánuðum frá þeim degi, þegar hann sótti um leiðréttingu eða eyðingu eða fyrr ef landslög kveða á um það.

8. Í sérhverju aðildarríki skal einstaklingur hafa rétt til þess að höfða mál eða leggja fram kæru frammi fyrir þar til bærum yfirvöldum eða dómstólum þess aðildarríkis, sem hefur neitað honum um rétt til aðgangs eða rétt til leiðréttingar eða eyðingar á gögnum um sig, eins og kveðið er á um í þessari grein.

#### 15. gr.

##### Kostnaður

Sérhvert aðildarríki og Evrópulögreglan skulu koma upp og viðhalda, á eigin kostnað, því tæknilega grunnvirki sem nauðsynlegt er til að innleiða þessa ákvörðun og bera kostnað vegna aðgangs að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í samræmi við þessa ákvörðun.

#### 16. gr.

##### Skráahald

1. Sérhvert aðildarríki og Evrópulögreglan skulu tryggja að haldnar séu skrár um alla gagnavinnslu á grundvelli uppfletti-aðgangs samkvæmt þessari ákvörðun í þeim tilgangi að kanna hvort leitin sé heimil eða ekki, hafa eftirlit með lögmæti gagnavinnslu, vegna eigin eftirlits og til að tryggja eðlilega starfsemi kerfisins, heilleika gagna og öryggi.

Í þessum skráum skal koma fram:

- a) hver tilgangurinn með aðganginum, sem um getur í a-lið 1. mgr. 5. gr., er nákvæmlega, þ.m.t. um hvers konar hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði er að ræða, og að því er varðar Evrópulögregluna, hver tilgangurinn með uppflettiadganginum, sem um getur í 1. mgr. 7. gr., er nákvæmlega,
- b) tilvísun í viðkomandi landsskrá,
- c) dagsetning og nákvæm tímasetning aðgangs,
- d) hvort aðferðin, sem um getur í 2. mgr. 4. gr. hafi verið nýtt, ef við á,
- e) hvaða gögn voru notuð til uppflettingar,
- f) tegund gagna sem flett var upp í,
- g) auðkenni þess starfsmanns sem framkvæmdi leitina og þess starfsmanns sem fyrirskipaði leitina eða afhendingu gagna, í samræmi við reglur landsins eða ákvæði Europól-samningsins.
2. Skrár sem innihalda persónuupplýsingar skal eingöngu nota við gagnaverndareftirlit með lögmæti gagnavinnslunnar og til að tryggja gagnaöryggi. Aðeins er heimilt að nota skrár sem innihalda gögn sem ekki eru persónulegs eðlis við það eftirlit og mat sem um getur í 17. gr.
3. Gerðar skulu viðeigandi ráðstafanir til að verjast óheimilum aðgangi að skránum og misnotkun þeirra og skal þeim eytt ári eftir að varðveislutíminn, sem um getur í 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008, rennur út, nema þeirra sé þörf vegna eftirlitsins, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, enda sé það þegar hafið.

## 17. gr.

**Eftirlit og mat**

1. Rekstraryfirvaldið sem um getur í reglugerð (EB) nr. 767/2008 skal tryggja að kerfi séu til staðar til að hafa eftirlit með starfsemi upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir samkvæmt þessari ákvörðun með tilliti til markmiða, að því er lýtur að afköstum, kostnaðarhagkvæmni, öryggi og gæðum þjónustunnar.
2. Vegna tæknilegs viðhalds, skal rekstraryfirvaldið hafa aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um vinnslu sem fer fram í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir.
3. Tveimur árum eftir að upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir er tekið í notkun og á tveggja ára fresti þaðan í frá, skal rekstraryfirvaldið leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnina um það hvernig upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir hefur reynst tæknilega séð, með hliðsjón af

þessari ákvörðun. Í skýrslunni skulu vera upplýsingar um það hvernig upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir hefur reynst með hliðsjón af magnbundnum vísnum, sem framkvæmdastjórnin skilgreinir fyrir fram, einkum upplýsingar um þörfina fyrir 2. mgr. 4. gr. og beitingu hennar.

4. Þremur árum eftir að upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir er tekið í notkun og á fjögurra ára fresti þaðan í frá, skal framkvæmdastjórnin leggja fram heildarmat á upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir með hliðsjón af þessari ákvörðun. Matið skal innihalda athugun á þeim árangri, sem náðst hefur, með hliðsjón af markmiðunum auk mats á því hvort þær meginreglur sem lagðar eru til grundvallar þessari ákvörðun eigi áfram við, mats á beitingu þessarar ákvörðunar að því er varðar upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, á öryggi upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir og tekin afstaða til þeirra þátta sem gætu haft áhrif á starfsemina í framtíðinni. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu matsskýrslunnar.

5. Aðildarríkin og Evrópulögreglan skulu láta rekstraryfirvaldinu og framkvæmdastjórninni í té þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að semja skýrslurnar sem um getur í 3. og 4. mgr. Þessar upplýsingar skulu ekki stofna vinnuáðferðum í hættu né innihalda upplýsingar sem ljóstra upp um heimildamenn, starfsfólk eða rannsóknir tilnefndra yfirvalda.

6. Rekstraryfirvaldið skal láta framkvæmdastjórninni í té allar nauðsynlegar upplýsingar vegna heildarmatsins sem um getur í 4. mgr.

7. Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á því að semja og senda skýrslurnar sem um getur í 3. mgr. meðan á aðlögunartímabilinu stendur þar til rekstraryfirvaldið hefur starfsemi sína.

## 18. gr.

**Gildistaka og framkvæmd**

1. Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Ákvörðun þessi skal koma til framkvæmda á þeim degi sem ráðið ákveður þegar framkvæmdastjórnin hefur tilkynnt ráðinu að reglugerð (EB) nr. 767/2008 hafi öðlast gildi og sé komin til framkvæmda að fullu.

Aðalskrifstofa ráðsins skal birta dagsetninguna í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Lúxemborg 23. júní 2008.

Fyrir hönd ráðsins,

I. JARC

forseti.